



EINING-LÖJJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
19. árgangur
Júlí 2016



1. maí
Aðalfundur
Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits
To the members of Eining-löjja
Do członków związku Eining-löjja
ถึงสมาชิก Einingu-löjju ทุกคน





Útgefandi: Eining-Iðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Forsíðumynd:
Sumar

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.
Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið



Glerárgötu 34 - 600 Akureyri | Þórunnartúni 2 - 105 Reykjavík
Sími: 464 6400 | raftakn@raftakn.is | www.raftakn.is

1862
nordic bistro

Efnisyfirlit

- 4** Aðventuferð til Kaupmannahafnar
- 4** Eining-Iðja er á Facebook
- 4** Laus hús í sumar
- 5** Vinna barna og unglinga
- 5** Hækkun á endurgreiðslum
- 6** Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits
- 7** Sjálfbóðaliðar
- 8** Vel heppnaður fræðsludagur
- 8** Handbók um mansal
- 9** Náðu þér í Klukk
- 10** Sumardvalarheimili Einingar
- 11** Fjölmenn hátíðarhöld 1. maí
- 12** Aðalfundur Einingar-Iðju
- 16** Kynningarmyndbönd um félagið
- 17** Frábær ferð til Stokkhólms
- 18** Eldri félagsmenn á ferð
- 19** Fyrirtækjaheimsóknir
- 19** Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?
- 20** Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs
- 22** To the members of Eining-Iðja
- 23** Do członków związku Eining-Iðja
- 23** ถึงสมาชิก Einingu-Iðju ทุกคน
- 24** Í hvaða deild ert þú?
- 24** Gistimiðar á Keahótel
- 25** Stjórnir og nefndir
- 25** Átt þú rétt á orlofsuppbót?
- 26** Gott að vita
- 26** Veikindi í orlofi

DAGSKRÁIN

Alltaf á vaktinni...

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtakerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélag



Init ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is



Það kostar ekkert að bæta við barni.

Fjölskyldan greiðir 8.100 kr. fyrir alla

Þegar þú velur Endalausa Snjallpakkann með Fjölskyldukorti þá nær það ekki aðeins yfir öll símtöl og SMS fyrir þig og makann, heldur geturðu bætt við allt að 11 börnum, 18 ára eða yngri, fyrir 0 kr. stykkið.

Já, þú getur svo sannarlega meira með Símanum!

Hafðu samband í síma 800 7000 eða í netspjalli á siminn.is

Síminn

**Endalaus Snjallpakki - 30 GB*
6.100 kr.**

**Fjölskyldukort - Samnýtt gagnamagn
2.000 kr.**

**Allt að 11 Krakkakort! - 1 GB
0 kr.**

*Stækkaðu í 100, 200 eða 300 GB

Aðventuferð til Kaupmannahafnar

Eining-löja, í samvinnu við Tanna Travel, efnir til aðventuferðar til Kaupmannahafnar fyrir félagsmenn dagana 1. til 4. desember nk. ef næg þátttaka fæst. Hámarksfjöldi er 30 manns.

Hér gefst kjörið tækifæri að skella sér í stutt og skemmtilegt frí og safna kröftum í „Køben“ áður en jólaundirbúningurinn er tekinn með trompi!

Flogið verður með Icelandair frá Keflavík:

- ♦ 1. desember er flogið kl. 08:00, lent í Kaupmannahöfn kl. 12:00 að staðartíma.
- ♦ 4. desember er flogið heim kl. 20:10, lent í Keflavík kl. 22:20.

Gist er á Comfort Hotel Vesterbro sem er miðsvæðis í Kaupmannahöfn, stutt að fara á Stríkið og í Tívoli.

Verð kr. 106.500 á mann í tveggja manna herbergi.

- ♦ Aukagjald fyrir eins manns herbergi: kr. 23.000.

Óatfurkræft staðfestingargjald er kr. 30.000, greiðist innan 10 daga frá skráningu.



Innifalið í verði:

- ♦ Flug og skattar, Keflavík-Kaupmannahöfn-Keflavík
- ♦ Akstur til og frá flugvelli í Kaupmannahöfn
- ♦ Gisting með morgunverði í 3 nætur á Comfort Hotel Vesterbro****

Skráning fer fram á skrifstofu Einingar-löju á Akureyri og síma 460 3600. Skráningu lýkur í byrjun október.

Eining-löja er á Facebook

Félagið er komið á Facebook. Allar fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins, www.ein.is, munu jafnframt birtast þar ásamt öðru sem tilheyrir starfinu og ratar ekki endilega á heimasíðuna. Þeir sem vilja fylgjast með er bent á að „Líka“ nýju síðuna.

Vinsamlegast athugið að ekki er fylgst síðunni allan sólarhringinn, reynt er að bregðast við athugasemdum eins fljót og hægt er. Þeir sem vilja hafa samband við félagið er bent á að hringja í 460 3600, senda póst á ein@ein.is, eða með því að senda inn fyrirspurn í gegnum heimasíðuna.

Fyrirvari vegna birtingar efnis á Facebook-síðu Einingar-löju

Upplýsingar á síðunni eru einungis til fræðslu og upplýsinga. Það er áhugavert að fá ummæli frá félagsmönnum og öðrum sem áhuga hafa á

starfseminni. Það er mikilvægt að vera varkár í skrifum sínum og hafa í huga að gagnrýna efni, en ekki einstaklinga.

Allar athugasemdir, spurningar, lof og last er birt, en aðeins ef um er að ræða efni sem tengist starfsemi félagsins og er málefnalega fram sett. Eining-löja áskilur sér rétt til að eyða því efni sem ekki fellur undir lýsingu þessa. Undir það falla niðrandi, óviðeigandi ummæli í garð einstaklinga eða hópa, og ásakanir um refsiverða háttsemi, slíku verður eytt tafarlaust.

Hver sá sem skrifar ummæli eða athugasemd á Facebook-síðu félagsins gerir það á eigin ábyrgð, en séu ummælin brot á landslögum áskilur félagið sér rétt til að vísa þeim til lögreglu.



Orlofshús

LAUS HÚS Í SUMAR – Fyrstur pantar – fyrstur fær!



Við viljum minna félagsmenn á að enn eru orlofshús laus í sumar, hús sem ekki gengu út í úthlutun eða voru ekki staðfest innan greiðslufrests. Áhugasamir geta kíkt á Félagavefinn á heimasíðu félagsins, www.ein.is, þar sem sjá má hvaða hús eru enn laus og jafnframt bókað þau. Þeir sem ekki eru enn komnir með aðgang að Félagavefnum geta hringt á skrifstofu félagsins í síma 460 3600, eða mætt til okkar og fengið upplýsingar um laus hús.

Vinna barna og unglunga

Vert er að vekja athygli á bréfi sem Vinnueftirlitið sendi í lok maí til stéttarfélaga, fyrirtækja, stofnana og annarra sem málið varðar þar sem fjallað er um vinnu barna og unglunga. Í skrá Vinnueftirlitsins fyrir árin 2010-2015 kemur fram að vinnuslys meðal ungs fólks eru algeng, en á þessu tímabili voru 420 vinnuslys tilkynnt hjá 18 ára og yngri. Vinnueftirlitið vill því vekja athygli á reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga en hún nær til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Reglugerðina er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is, en stofnunin annast eftirlit með framangreindri reglugerð og að ákvæði hennar séu haldin.

Hvaða störf og hvenær?

Í reglugerðinni er fjallað ítarlega um hvaða störf mismunandi hópar mega vinna og ekki vinna þó sú upptalning sé ekki tæmandi. Vakin er athygli á að ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna með hættuleg tæki eða að hættulegum verkefnum, sbr. 10. gr. og viðauka. Í reglugerðinni er einnig fjallað um áhættumat, leiðbeiningar og kennslu, vinnutíma, kvöld- og næturvinnu og hvíldartíma.

Áhættumat

Samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar er atvinnurekanda skylt að gera áhættumat og viðeigandi ráðstafanir byggðar á niðurstöðum matsins til að tryggja öryggi og heilsu ungmenna. Þetta skal gert **áður en þau hefja störf** og í hvert sinn sem **verulegar breytingar eru gerðar á starfs-**

skilyrðum þeirra. Vinnueftirlitið beinir því til forráðamanna að slíkt áhættumat verði gert áður en störf hefjast í sumar, liggi það ekki fyrir nú þegar. Leiðbeiningar um áhættumat er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.



Hækkun á endurgreiðslum

Ákveðið hefur verið að hækka endurgreiðslur til félagsmanna úr Fræðslusjóðnum Landsmennt frá 1. júlí nk.

Hámark endurgreiðslna til félagsmanna á ári mun því hækka úr kr. 70.000 í kr. 75.000. Félagsmenn sem nýta sér ekki réttinn í þrjú ár eiga rétt á þreföldum styrk sem nemur allt að kr. 225.000. Þessi breyting gildir gagnvart námi eða námskeiði sem hefst eftir 1. júlí 2016.

Með þessari breytingu verður hámark einstaklingsstyrkja Landsmenntar eins og hjá Starfsafli, Sveitamennt, Ríkismennt, Flóamennt og öðrum sambærilegum sjóðum.

Landsmennt er fræðslusjóður verkafólks á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS.



Starfsmenn Enor
Óska félagsmönnum Einingar-Íðju
gleðilegs sumars og ánægjulegs sumarfrís

Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra

Í apríl náðist sögulegt samkomulag á milli 14 stéttarfélaganna sem eru starfandi í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra um stóraukið vinnustaðaeftirlit með því að ráða einn sameiginlegan verkefnastjóra fyrir vinnustaðaeftirlit á svæðinu. Samningurinn tók gildi þann 1. maí sl. og gildir í átján mánuði, eða til 30. október 2017. Litið er á að þetta fyrsta tímabil samningsins sé tilraunatímabil þar sem þjónustan er í mótn og uppbyggingu og því er nauðsynlegt að endurskoða allan samninginn fyrir lok þessa tímabils í ljósi reynslunnar. Fjórum mánuðum fyrir lok samningstímans skulu samningsaðilar endurskoða samningstextann með það að markmiði að nýr samningur taki gildi 1. nóvember 2017 eða að samstarfinu verði slitið.

Félögin sem standa sameiginlega að þessari ráðningu eru Eining-löja, sem ber ábyrgð á verkefnastjórnunum, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Byggið - Félag byggingamanna, Rafiðnaðarsamband Íslands, Aldan stéttarfélag, Stéttarfélagið Samstaða, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, Verslunarmannafélag Skagafjarðar, Félag leiðsögumanna, VM Félag vélstjóra og málm-tæknimanna, Matvís, matvæla og veitingafélag Íslands, Félag iðn- og tæknigreina og Félag Hársnyrtisveina.

Enn öflugara vinnustaðaeftirlit

Meginmarkmiðið með þessari ráðningu er að stuðla að því að á félagssvæðum áður nefndra félaga verði enn öflugra vinnustaðaeftirlit en nú er, með heimsóknunum og nánara eftirliti frá verkefnastjóra og starfsmönnum stéttarféлага. Einnig að hafa gott samband við stofnanir ríkisins er fara með málefni vinnumarkaðarins, t.d. Vinnumálastofnun, Ríkisskattstjóra, Vinnueftirlitið og Útlendingastofnun. Sérstök áhersla er lögð á að koma snemma að málum og koma í veg fyrir að brotastarfsemi þróist á félagssvæðum stéttarfélaganna.

Einn réttur – ekkert svindl

Verkefnastjórinn nýttist jafnframt vel í verkefninu **Einn réttur – ekkert svindl** sem Alþýðusamband Íslands í samstarfi við aðildarsamtök sín stendur í. Verkefninu er beint gegn



undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi. Verkefnið er tvískipt, annars vegar beinist það að brotum gagnvart erlendu vinnuafli og hins vegar brotum á ungu fólki en báðir eiga þessir hópar sammerkt að vera illa upplýstir um rétt sinn á vinnumarkaði. Komið hefur verið á fót sameiginlegum samráðs- og aðgerðahópi fulltrúa frá þeim stjórnsýslustofnunum sem koma með einum eða öðrum hætti að eftirliti með vinnumarkaðnum og aðilum vinnumarkaðarins. Auk þess að skipuleggja sameiginlegar aðgerðir og miðla upplýsingum sín á milli, vinnur hópurinn að því að skýra og styrkja regluverkið og þá löggjöf sem að þessum málum snýr og auka heimildir í vinnustaðaeftirliti. **Kiktu á heimasíðuna ekkersvindl.is**

„Þetta verkefni er langhlaup“

Vilhelm Adolfsson var ráðinn í starf verkefnastjórans og hóf störf 1. maí sl. Hann er menntaður lögreglumaður en hann lauk námi frá Lögregluskóla ríkisins 2004 og starfaði á árum áður sem lögreglumaður á Austurlandi og á Akureyri. Síðan 2010 hefur hann starfað í Becromal á Akureyri og hefur verið trúnaðarmaður starfsmanna frá árinu 2011. Vilhelm er með aðsetur á skrifstofu félagsins á Akureyri en skipuleggur og fer í vettvangsferðir á vinnu-

staði á samningssvæðinu sem er Eyjafjörður, Skagafjörður og Húnavatnssýslur.

„Fyrstu þrjár vikurnar, eða rúmlega það, fóru í upplýsingasöfnun, forvinnslu í sambandi við vinnustaði á svæðinu sem er býsna viðfemt, sitja námskeið, að mynda tengslanet og slíkt. Góður undirbúningur skiptir öllu máli í þessu sem og öðru. Ég finn það svo núna eftir að hafa verið á ferðinni að undirbúningurinn hefði jafnvel mátt vera meiri, en tíminn hefur ekki leyft það,“ sagði Vilhelm aðspurður um hvernig hefði gengið og bætir við að eftirfylgnin skipti líka miklu máli og því megi ekki fara í of mörg fyrirtæki í hverri ferð. „Það er ekki nóg að mæta bara í fyrirtæki og skrá niður nöfn starfsmanna. Það þarf að vinna úr þeim upplýsingum sem ferðin gefur, vera með eftirfylgni ef þörf krefur og ef það kemur upp mál út úr heimsókninni þarf að vinna í því. Þetta tekur allt sinn tíma.“

„Það hefur ýmislegt drifið á daginn á þessum fyrstu sex vikum, bæði gott og slæmt. Ég er að mestu búinn að fara um allt svæðið og það verður að segjast að sum fyrirtæki eru alveg til fyrirmyndar á meðan önnur eru því miður með „allt niður um sig.“ Þetta verkefni er langhlaup, ekki spretthlaup. Ég er ráðin til 18 mánaða og miðað við þá vinnu sem búin er að eiga sér stað frá því ég hóf störf þá er sýnilega mikil þörf á þessu.

Eins og staðan er í dag þá hafa félögin sjálf ekki bolmagn, tíma eða mannaforráð til að sinna þessu verkefni eins og vera ber. Nú get ég, í samstarfi við félögin sem að verkefninu koma, einbeitt mér að þessu verkefni og fengið þá aðstoð sem þarf frá hverri skrifstofu fyrir sig. Á Akureyri eru nokkrir eftirlitsfulltrúar sem geta farið á staðina með mér ef ég þarf á að halda, en á minni stöðunum er bara einn fulltrúi til staðar og það getur skapað vandamál því auðvitað geta komið upp veikindi og eins þurfa menn að fara í sumarfrí og slíkt.“

Hvað með samstarf við aðrar stofnanir?
„Samstarf við stjórnsýslustofnanir hvar sem er á landinu sem koma með einum eða öðrum hætti að eftirliti með vinnumarkaðnum hefur verið alveg til fyrirmyndar. Við erum líka að vinna að sameiginlegu markmiði, að uppræta brotastarfsemi á vinnumarkaði,“ sagði Vilhelm að lokum.

Munið eftir www.ein.is

Sjálfboðaliðar

Undanfarin ár hefur það færst í aukana að atvinnurekendur á Íslandi hafi fengið til sín starfsfólk í sjálfboðastörf. Með sjálfboðaliðastörfum er átt við að ýmist eru engin laun greidd eða mögulega fæði, gisting og uppihald auk þess sem einhvers konar skemmtun/afþreying komi til móts það vinnuframlag sem innt er af hendi. Algengast er að um sé að ræða erlend ungmenni og að vinnan sé hluti af upplifuninni eða einhvers konar ævintýramennska.

Gera verður skýran greinarmun á sjálfboðastörfum í efnahagslegri starfsemi annars vegar og sjálfboðaliðum í samfélagslegri vinnu hins vegar. **Sjálfboðavinna við efnahagslega starfsemi, framleiðslu og sölu á vöru eða þjónustu á markaði (í hagnaðarskyni) oft í samkeppni við fyrirtæki í sömu atvinnustarfsemi, felur í sér óásættanleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði og stenst hvorki kjarasamninga né lög.** Dæmi um slíka vinnu er vinna við ýmiss konar ferðaþjónustu, nánar tiltekið vinna í kaffi- og veitingahúsum, á gistiheimilum og hótélum, hestaleigum og við hellaskoðanir auk ýmskonar blandaðra starfa á sveitabýlum og/eða bændagistingu. Laun og önnur starfskjör slíkra starfa skulu ávallt vera skv. lágmarkskjörum viðkomandi starfsgreinar, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins hafa samið um. Alltaf skal fylgja gildandi kjarasamningum, sem þýðir m.a. að gera á ráðningarsamning, greiða að minnsta kosti lágmarkslaun og gefa út launaseðil þar sem fram koma laun og önnur starfskjör og heimilaðir frádráttarliðir. Allt endurgjald

fyrir vinnu skal síðan telja fram til skatts og skila hinu opinbera, stéttarfélagum og sjóðum því sem þeirra er.

Ef þú ert í vafa um hvort störf sjálfboðaliða rúmast innan ramma laganna, ekki hika við að hafa samband við Einingu-löju eða Starfsgreinasamband Íslands.

Átaki gegn ólöglegri sjálfboðastarfsemi

Á einni viku í lok febrúar sendi SGS meira en 50 bréf til atvinnurekenda sem voru að auglýsa eftir erlendum sjálfboðaliðum á til þess gerðum heimasíðum. Aðildarfélag Starfsgreinasambandsins um allt land, þar á meðal Eining-löja, fylgdu bréfinu eftir með því að heimsækja viðkomandi atvinnurekanda. Ákveðið var að einbeita sér að atvinnurekendum sem reka gististaði og hótél, eru í annarri ferðaþjónustu eða óska eftir sjálfboðaliðum á lögbyli. Töluverð viðbrögð voru við þessum bréfum, ýmist drógu atvinnurekendur auglýsingar sínar til baka eða breyttu þeim þannig að sjálfboðastörfin voru innan ramma laganna. Margir gerðu sér líka ekki grein fyrir að ólöglegt er að hafa sjálfboðaliða í efnahagslegri starfsemi, en vissulega voru og eru enn nokkrir sem þurfti og þarf að grípa til frekari aðgerða gegn.



Starfsgreinasamband Íslands


Þú kemst alltaf í bankann á L.is

Farsímabanki Landsbankans hefur fengið nýtt útlit og viðbætur sem veita þér enn betri yfirsýn yfir fjármálin. Á L.is geturðu framkvæmt allar helstu banka-aðgerðir og þarft engan auðkennislykil.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Vel heppnaður fræðsludagur

Árlegur fræðsludagur Einingar-ldju fyrir trúnaðarmenn, starfsmenn og aðra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið fór fram mánudaginn 4. apríl sl. Í ár var dagurinn haldinn á Rimum í Svarfaðardal. Rúmlega 100 félagar tóku þátt í deginum sem tókst í alla staði mjög vel. Dagskrá dagsins var blanda af fyrirlestrum og hópavinnu.

Fyrir hádegi flutti Bjarni Th. Bjarnason, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar, erindi þar sem hann fjallaði um sveitarfélagið Dalvíkurbyggð og atvinnumál. Emil Bjarkar Björnsson, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá SÍMEY á Dalvík, fjallaði m.a. um þjónustu þeirra á Dalvík og fræðslu almennt. Einnig fjallaði Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson, héraðsdómslögmaður hjá PACTA, um Vinnuslys og tryggingar launþega.

Eftir léttan hádegisverð fjölluðu Drífa Snædal, framkvæmdastjóri SGS, og Snorri Birgisson lögreglumaður um mansal. Mikið hefur verið fjallað um mansal að undanförunu og var erindi þeirra mjög áhugavert og urðu miklar umræður um það. Í máli þeirra kom m.a. fram að nærri 21 milljón manns eru fórnarlömb þrælahalds í heiminum, þar af eru 11,4 milljónir konur og stúlkur og 9,5 milljónir karlar og drengir. 16,5 milljónir eru í nauðungarvinnu og 4,5 milljónir eru í nauðgunarþrælkun og að fleiri þrælar eru í heiminum í dag en þegar þrælasala var sem mest á átjándu öld, samtals tæplega 12 milljónir. Hvað Ísland varðar þá var starfshópur kallaður saman í byrjun árs 2014 en upp úr honum spratt fræðslu- eða stýrihópur sem í sitja fulltrúar frá lögreglunni, félagsþjónustunni í Reykjavík, verkalyðshreyfingunni, útlendingastofnun, innanríkisráðuneytinu, Rauða krossinum og fleiri. Búið er að halda fjölmörg fræðsluerindi um allt land og nú er málið einnig komið á dagskrá stjórnvalda.



Ágústa Sigrún Ágústsdóttir, mannauðsráðgjafi hjá Zenter, flutti góðan fyrirlestur sem bar nafnið Að kveikja á kjarnorkunni. Þar fjallaði hún m.a. um kjörnun – virkjun innri hvata, s.s. mikilvægi þessa að hrósa og hlusta. Einnig lét hún hópinn vinna þrælsniðugt verkefni í sambandi við virka hlustun.

Síðasti dagskrárliðurinn var hópavinnna, en þá var öllum skipt upp í hópa þar sem teknar voru fyrir tvær spurningar sem snerust um ASÍ. Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ og Skólastjóri Félagsmálaskóla alþýðu, hafði yfirumsjón með hópavinnunni.

Í fyrri umferðinni var unnið með spurninguna **Hvað hefur ASÍ gert síðustu 100 ár?** Gekk umferðin út á einskonar upphitun fyrir síðari umferðina. Þátttakendur voru fengnir til að lista upp allt það sem þeim datt í hug varðandi helstu sigra ASÍ. Í seinni umferðinni

var fjallað um **Hvað á ASÍ að gera næstu 100 árin? Breytingar? og þá hvernig?** Fjölmörg atriði voru nefnd m.a. í sambandi við fræðslu, lífeyrismál, unga fólkið, vinnutíma, hús-næðismál og margt fleira.

Frábær dagur með frábæru fólki!

HANDBÓK um mansal

Fyrir stuttu gaf Starfsgreinasamband Íslands út handbók um mansal á vinnumarkaði, en handbókinni er ætlað að auðvelda starfsfólki stéttarfélaganna að þekkja mansal, geta greint það og ekki síst að upplýsa um hvert á að snúa sér þegar grunsemdir um mansal vakna.

Í bókinni er m.a. að finna skilgreiningar á mansali sem og upplýsingar um helstu einkenni og vísbendingar um mansal á vinnustöðum eða meðal starfsfólks. Þá eru settar fram gagnlegar spurningar fyrir starfsfólk stéttarfélaganna sem gott er að hafa í huga þegar einstaklingar leita til stéttarfélaganna vegna mansalsmála og jafnframt nokkrar meginreglur varðandi viðbrögð stéttarfélaganna þegar upp koma mál þar sem grunur er um mansal.

Handbókin er aðgengileg öllum og má nálgast í heild sinni á vef Starfsgreinasambandsins, www.sgs.is.

Veist þú að

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur.

Það þýðir að þú hefur sama rétt til að segja upp starfi og hefur sömu skyldu til að virða uppsagnarfrestinn og atvinnurekandinn hefur, ef hann segir þér upp.

Uppsögn skal vera skrifleg.

Uppsagnarfrestur er misjafn eftir kjarasamningum.

Náðu þér í KLUKK - tímaskráningarapp fyrir snjallsíma

Klukk er nýtt ókeypis tímaskráningarapp fyrir Android/iOS sem hjálpar launafólki að halda utan um sínar vinnustundir og er ætlað launafólki. Notandi skráir vinnutímana sína með Klukk og hefur þannig yfirsýn yfir unnar vinnustundir. Í klukk er hægt að virkja staðsetningarbúnað sem minnir notandann á að klukka sig inn og út. Einnig má á einfaldan hátt fá tímaskýrslu senda í tölvupósti sem Excel skjal. Þannig má á auðveldan hátt nálgast yfirlit yfir unna tíma í mánuði og bera saman við greiddar vinnustundir á launaseðli. Þannig hjálpar Klukk upp á að þú fái rétt greitt frá þínum launagreiðanda.

Klukk er ókeypis og má nálgast í Appstore (Iphone) og Playstore (Android). Félagsmenn eru hvattir til að ná í appið og byrja að prófa.

Nokkrar spurningar og svör um Klukk

Hver getur séð upplýsingarnar um mig?

Enginn nema þú. Þú átt hins vegar möguleika á að nálgast nánari upplýsingar um þig en fram kemur í tímaskýrslu en til þess þarftu aðstoð ASÍ.

Get ég skráð mig án Facebook?

Hægt er að skrá sig án Facebook, þá þarf að nota gilt netfang og skrá nafn og lykilorð. Facebook er í raun fljótlegasta og þægilegasta leiðin til að skrá sig inn.

Er hægt að vera með fleiri en einn vinnuveitanda?

Já það er ekkert mál. Þú getur skráð eins marga og þú þarft. Þegar farið er inn í Launagreiðendur í valmynd er smellt á bæta við launagreiðanda og kennitala hans skráð inn.

Get ég klukkað mig inn og/eda út oft á dag?

Þegar búin er að klukka sig út er hægt að klukka sig aftur inn og ný skráning hefst. Hægt er að klukka sig inn hjá mismundandi launagreiðendum sama daginn.

Get ég klukkað mig inn þó ég eigi ekki inneign og geti ekki tengst netinu?

Nei, það þarf nettengingu til þess að klukka sig inn og út ásamt því að nýta aðra eiginleika appsins. Við innskráningu þarf einnig að tengjast netþjóni til að sækja gagnaupplýsingar um notendanafn og lykilorð.

Ég veit ekki kennitölu launagreiðanda?

Kennitölu launagreiðanda áttu að finna á launaseðlinum þínum. Einnig er kennitölu fyrir-tækja að finna á ja.is.

Hvað geri ég ef ég gleymi að klukka mig inn?


Klukkan þig þá inn um leið og þú manst. Í lok vinnudags þegar þú ert búin/n að klukka þig út getur þú lagað skráninguna eftir á með því að fara í Tímarnir mínir í valmyndinni og smella á

pennann lengst til hægri. Þegar þú ert búinn að laga skráninguna verður penninn rauður en það þýðir að um eftirá skráningu eða leiðréttingu er að ræða.

Nánari upplýsingar um appið má finna á www.asi.is/klukk



Einfalt að rukka eða borga með Kass
- það er nóg að hafa símanúmer



Með Kass getur þú ...

- Borgað vinum þínum
- Splittað kostnaði
- Rukkað hina í hópnum

Sæktu appið á kass.is 

Rúbín fyrir þá sem einfaldlega
elska gott kaffi!



Sumardvalarheimili Einingar

Í næstu blöðum er ætlunin að birta örflekkur úr væntanlegri verkalyðssögu sem ég sit nú við að skrifa. Öðrum þræði er þetta gert lesendum til ánægju og fróðleiks – ég sætti mig þó við að ná öðru markmiðinu, treglega samt, en alls ekki hvorugu – en hins vegar til að vekja athygli á verkinu, fá athugasemdir við kafla er birtast, ábendingar um hvað betur má fara og tillögur að ljósmyndum. Okkar mæti Þorsteinn E. Arnórsson, Steini (steini@ein.is), er innsti koppur í myndamálum en auðvitað megið þið líka netja á mig eins og ykkur líkar, jonhjalta@simnet.is

Byrjum þá á börnunum og ég spyr; hver voru Þorsteinn og Þrúður? Mér dettur í hug hvort þau séu kannski fyrrverandi nágrannar mínir úr Hafnarstrætinu, börn Þórhalls Einarssonar? Gaman væri að fá ljósmyndir af þeim systkinum og frá sumardvalarheimilinu.

Vorið 1964 svaraði þriggja manna nefnd, skipuð þeim Vilborgu Guðjónsdóttur, gjaldkera Einingar, ritaranum Þórhalli Einarssyni og Jónínu Jónsdóttur, sem verið hafði í stjórn Verkakvennafélagsins Einingar frá 1958 til sameiningarinnar 1963 – þar af varaformaður frá 1960 – spurningunni hvort Eining ætti að leggja í barnaheimilisrekstur. Svar nefndarinnar

var afdráttarlaust já. En hvar átti barnaheimilið að standa? Þriggja manna nefndinni var falið að leysa úr þeim vanda. Þess er hvergi getið hvernig hún komst að niðurstöðu en svarið var ótvírætt þegar það kom á endanum: Visheimilið skal vera í heimavistarskólanum að Húsabakka í Svarfaðardal.

Enn var nefndinni falið að sjá um alla tilhögun. Jónína var ráðin forstöðukona og stúlka henni til aðstoðar – og önnur til afleysinga – keypt voru leiktæki, vegasölt, rölur og sandkassar, auglýst í blöðum hvað til stæði og hinn 20. júní tók heimilið til starfa og stóð til 20. ágúst. Á þessu varð engin breyting í þau níu ár sem heimilið hélt við lýði, það stóð ávallt opið í tvo mánuði ár hvert.

Fyrsta sumarið voru börnin 23. Aðspurð hvort ekki hefði verið erfitt að fá þennan ólíka hóp til að hlýða fyrirmælum svaraði Jónína forstöðukona: Nei, ekki svo. „Við settum ákveðnar reglur um matartíma, hættur og fótaferð.“ Sem börnin vöndust fljótlega.

Þóra Þorsteinsdóttir, sem var Jónínu til aðstoðar, tók undir með yfirmanni sínum þegar blaðamaður spurði hvort ekki hefði þurft að flengja börnin til að aga þau. Nei, ekki eitt einasta, „þau hlýddu alveg án þess“, svaraði Þóra.

En var mikið um heimsóknir til barnanna?

„Nei,“ svaraði Þóra, „og ég tel það mjög gott, að ekki sé mikið gert að því. Þær trufla börnin

og þau verða órólegri fyrst eftir að foreldrar eða vinir fara.“

Blaðamaðurinn lét ekki hjá liða að spyrja börnin út í vistina að Húsabakka. Þorsteinn og Þrúður urðu fyrir svörum. Fyrst vildi hann fá að vita hvort ekki hefði verið gaman á Húsabakka

„ – Já, voða gaman.

– Fóruð þið í þerjamó?

– Já, og tíndum mikið.“

– Var sundlaug þarna?

– Já, beint á móti, hinu megin við veginn.“

– Flugust þið mikið á?

– Já, já, og fórum í fótbolta, svo var leikvöllur.“

En hvað var gert þegar veðrið var vont?

Þá var setið í leikstofunni, svöruðu Þorsteinn og Þrúður, teiknað, litað og farið í brúðuleik.

Svo var líka farið í ferðalag, „inn í Skíðadal og hringinn út á Dalvík“, svöruðu börnin og kváðust endilega vilja fara aftur í vist til Jónínu – sem í lok sumars var orðin Ninna amma – eða bara amma – í munni barnanna.

Fullorðna fólkið var líka ánægt með hvernig til hafði tekist. Börnin á Húsabakka höfðu öll þyngst og sum talsvert.¹

Jón Hjaltason

¹ „Sumardvalarheimili Einingar ...“, Verkamaðurinn 1. september 1964, 2.

ÁTT ÞÚ TIL GAMLAR MYNDIR FYRIR OKKUR?

Nú er verið að rita sögu Einingar-löju. Stefnt er á að saga félagsins verði í og með atvinnusaga Eyjafjarðarsvæðisins á þessu tímabili, saga samfélagsins og að einhverju leyti saga þjóðar. Þetta er allt samtvinnað þannig að heimildirnar liggja mjög víða.

Ef einhver býr yfir myndum sem tengjast sögunni þá er sá hinn sami hvattur til að hafa samband við Þorstein á netfangið steini@ein.is eða hringja í síma 460 3600 og biðja um Steina. Gaman væri ef félagið fengi myndir sem ekki hafa verið prentaðar áður, t.d. gamlar tækifærismyndir sem jafnvel sýna óvart það sem á þeim er.

Veitt verður viðurkenning fyrir áhugaverðustu myndina!

EINING-IÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍNI!

Eining-Iðja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni!
Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð / 460 3600



Skannaðu kóðann og kíktu á www.ein.is



Fjölmenn hátíðarhöld 1. maí

Mikið fjölmenni safnaðist saman í ágætis veðri á Akureyri til að taka þátt í fjölmennri kröfugöngu sem stéttarfélagin á Akureyri stóðu fyrir 1. maí, á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks. Á annað hundrað manns mættu einnig í kaffiveislu á skrifstofu stéttarfélaganna í Fjallabyggð.

Kjörorð dagsins voru „Samstaða í 100 ár – sókn til nýrra sigra!“ Gengið var frá Alþýðuhúsinu gegnum miðbæinn og að Hofi, þar sem fram fór dagskrá í tilefni dagsins. Húsfyllir var í Hofi, þar sem Hildur Sif Sigurjónsdóttir, leikskólakennari á Krógabóli og félagsmaður í KÍ,



flutti ávarp 1. maí nefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð og Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju og SGS, flutti aðalræðu dagsins. Auk þess var boðið upp á skemmtiatriði og kaffiveitingar.

Björn sagði m.a. í ávarpinu að á þessu ári væru 100 ár liðin síðan Alþýðusamband Íslands var stofnað og ljóst að mikið hefur gerst á þessum 100 árum, „en alltaf finnst manni það vera sömu málin sem eru á dagskrá ár eftir ár, að reyna að semja um mannsæmandi laun og verja þau réttindi sem stéttarfélagin hafa þó náð. Það er raunar ótrúlegt að geta ekki, eftir

þessi hundrað ár, sagt að við höfum náð takmarkinu! En ef við lítum til upphafsins, höfum við samt náð afar miklum árangri, en það verður aldrei einhver lokasigur, þetta er langhlaup, sem aldrei lýkur.“ Ávarpið í heild má lesa á heimasíðu félagsins sem og 1. maí ávarp stéttarfélaganna við Eyjafjörð 2016.





Eitt kort
35 vötn
6.900 kr
Frelsi til að veiða!

VEIÐIKORTIÐ
2016



Kynnið ykkur sértílböð til félagsmanna á skrifstofu

www.veidikortid.is



Strandgötu 3 · 600 Akureyri
Sími 440 2370
Fax 440 2380
www.sjova.is

Aðalfundur Einingar-Iðju



Fjölmennur aðalfundur Einingar-Iðju var haldinn í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri þriðjudaginn 12. apríl sl. Á fundinum var farið yfir ársreikninga félagsins og einnig voru kosnir 37 fulltrúar Einingar-Iðju á ársfund Stapa. Í skýrslu stjórnar fjallaði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, m.a. um verkföllin í fyrra, félagsfrelsi og mikilvægi þess að sýna samstöðu í verki þegar á þarf að halda. Hann fjallaði einnig um það sem áunnist hefur á sl.

100 árum eða svo, en í ár á ASÍ 100 ára afmæli og 110 ár eru liðin frá því fyrsta verkalyðsfélagið var stofnað í Eyjafirði.

„Alltaf finnst manni það vera sömu málin sem eru á dagskrá ár eftir ár, að reyna að semja

um mannsæmandi laun til að bæta kjörin og verja þau réttindi sem stéttarfélagin hafa náð. Það er raunar ótrúlegt að geta ekki, eftir þessi hundrað ár, sagt að við höfum náð takmarkinu! En ef við lítum til upphafsins, höfum við samt náð afar miklum árangri, en það verður aldrei

Eftirfarandi ályktun var samþykkt með lófaklappi á aðalfundinum

Baráttan gegn skattaskjólum er alþjóðleg barátta fyrir sanngirni, jöfnuði og velferð

Heildarsamtök launafólks á Íslandi hafa barist í heila öld fyrir bættum kjörum og betri lífsgæðum. Í því felst, ekki einungis, baráttan fyrir hærri launum heldur fyrir sterku velferðarkerfi og jöfnuði. Í samfélagsáttmála okkar er gengið út frá því að fólk greiði skatta og í staðinn sé tryggt að fólk komist af þó það sé atvinnulaust, aldrei eða missi heilsuna, fólk hafi aðgang að menntakerfi óháð efnahag og geti leitað sér lækninga án þess að það sé fjárhagslega íþyngjandi – að allir hafi sem jafnasta möguleika í lífinu.

Nú er ljóst að samfélagsáttmáliinn náði ekki til allra, fólk gat valið sig frá honum með því að geyma peningana sína í skattaskjólum og greiða í sameiginlega sjóði eftir hentisemi. Að geyma fé í skattaskjólum er í besta falli siðlaust og í versta falli stuldur úr sameiginlegum sjóðum, stuldur á jöfnuði og velferð.

Verkalýðshreyfingin berst fyrir því hvern dag að fólk fái greidd sanngjörn laun fyrir sína vinnu, að einstaklingar og fyrirtæki greiði í sameiginlega sjóði og að lífskjör verði bætt. Ef sumir geta valið sig frá sköttum og ráðamenn þjóðarinnar telja sig ekki þurfa að standa skil á sínum fjármunum er alleiðingin fullkomið siðrof. Skilaboðin eru þá þau að einstaklingar og fyrirtæki í landinu geti veitt fjárhagslegar upplýsingar að vild og greitt skatta eftir minni.

Aðalfundur Einingar-Iðju krefst þess að allir sem hafa átt félög eða bankareikninga í skattaskjólum leggi allt uppá borðið, rannsókn fari fram og þeim peningum sem hefur verið stolið úr ríkiskassanum verði skilað og þeir notaðir í sameiginlega velferð. Aðeins þannig er hægt að endurheimta, ekki aðeins fjármuni heldur siðferði og traust í íslensku samfélagi.



TANNI TRAVEL

Reynsla – Metnaður – Skemmtun
Experience – Ambition – Fun



Tanni Travel
Strandgötu 14, 735 Eskifjörður, Iceland
tannitravel@tannitravel.is
+354-476-1399
www.tannitravel.is

www.meet2locals.is



einhver lokasigur, þetta er langhlaup, sem aldrei lýkur. Ég tel að menn séu ekki í raun að meta allt sem hefur áunnist. Það eru margir, sérstaklega yngri fólk, sem hugsa ekki út í að þessi réttindi hafi ekki bara alltaf verið, gera sér ekki grein fyrir baráttunni sem réttindin hafa kostað í gegnum tíðina. Þeir sem hafa stöðu til þess að semja sjálfir um laun sín við vinnuveitandann eru margir hverjir neikvæðir út í stéttarfélagin og telja að ekkert sé með þau að gera, því þeir vilja túlka það svo að félagin séu ekkert að gera fyrir viðkomandi þó að kauphækkunin



Punktar frá aðalfundi

Félagsgjald er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

4.533 félagsmenn fengu einhverskonar styrk eða endurgreiðslu kostnaðar á árinu. 851 fengu starfsmenntastyrki, 2.235 fengu styrki úr sjúkrasjóði, 1.245 fengu orlofsstyrk eða orlofshús og 202 fóru í orlofsferðir á vegum félagsins eða í leikhús. Þetta eru um 62% félagsmanna, miðað við um 58% á árinu þar á undan.

Aðalfélagar á síðasta ári voru 7.395.

Helstu styrkir úr félagssjóði. Á síðasta starfsári fengu Mæðrastyrksnefnd Akureyrar, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Rauði krossinn sameiginlegan styrk að upphæð kr. 800.000. Krabbameinsfélag Akureyrar fékk kr. 350.000 og einnig kr. 300.000 vegna söfnunar fyrir ómtækki, lðnaðarsafnið á Akureyri kr. 160.000. og Aflið kr. 100.000.

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði á árinu 2015. Alls fengu 215 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur að upphæð kr. 96.440.346 og 2.020 manns fengu styrki að upphæð kr. 22.821.524. Samtals fengu því 2.235 félagsmenn greidda styrki á síðasta ári alls að upphæð kr. 119.261.870.



Fjölmiörg námskeið. Haldin voru nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélag og var mjög góð þátttaka á þeim. Í haust stóð til að halda starfslokanámskeið út með firði en ekki reyndist næg þátttaka til að halda það. Stefnt er á að

halda slíkt námskeið á Akureyri í haust. Í október og nóvember tóku 17 félagsmenn þátt í dyravarðanámskeiði sem haldið var í samvinnu við Sýslumanninn á Norðurlandi eystra. Í nóvember hélt félagið þrjú námskeið í hvernig eigi að búa til jólastjörnur. Kennari var Linda Óladóttir. Tvö þeirra voru haldin á Akureyri og eitt í Fjallabyggð. 27 félagar tóku þátt í þessum þremur námskeiðum. 1. mars sl. var haldið námskeið fyrir félagsmenn þar sem kennt var hvernig eigi að skreyta snittur og brauðtertur. Mikill áhugi var fyrir námskeiðinu og komust færri að en vildu. Námskeiðið fór fram á Amts

kaffi Ilm á bókasafninu á Akureyri, leiðbeinandi var Þórhildur Þórhallsdóttir matreiðslumeistari. Boðið var upp á ýmis önnur námskeið, en því miður var ekki næg þátttaka til að halda þau.

Starfsmenntasjóðir. Alls 851 félagsmaður, 515 konur og 336 karlar, fengu einstaklingsstyrki úr Landsmennt, Ríkismennt eða Sveitamennt á árinu 2015. Upphæðin sem þau fengu var tæplega 5,5 milljónum hærri en árið áður, eða kr. 32.483.075.



Orlofshús. Á árinu 2015 voru átján orlofshús og átta íbúðir í eigu félagsins, þar með taldar tvær sjúkraíbúðir. Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-löja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í

skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús. Nýtingin var mjög góð. Einnig úthlutaði félagið 270 orlofsstyrkjum sem kallast "vika að eigin vali."

Hvalfjarðargöng. Á síðasta ári seldi félagið um 10.000 miða í Hvalfjarðargöngin sem þýðir að félagsmenn hafa sparað sér um 3,65 milljónir með því að kíkja á einhverja skrifstofu félagsins og kaupa miða. Ef borgað er við göngin kostar hver ferð kr. 1.000 en miði hjá félaginu kostar kr. 635.



Orlofsferðir. Félagið fór í tvær ferðir á árinu 2015, en hætta þurfti við utanlandsferðina vegna dræmrar þátttöku. 45 fóru í „Fjallaferðina“ þar sem farið var um Vestfirði. Rúmlega 50 fóru í árlega dagsferð fyrir

eldri félagsmenn. Ekið var austur í Kelduhverfi og snæddur hádegisverður. Þaðan var farið að Dettifossi og svo í Mývatnssveit þar sem drukkið var kaffi.

Ársfundur Stapa. Á fundinum voru kosnir fulltrúar félagsins á ársfund Stapa sem fram fór í Menningarhúsinu HOFI þann 4. maí sl. Félagið átti rétt á 37 fulltrúum í ár.

**Sendum félagsmönnum Einingar-löju
sumarkveðjur**





sé jafnvel sú sama og félagið hefur samið um. En af hverju eru menn með orlof, veikindarétt, sjúkrasjóði, lífeyrissjóði, samning um 40 stunda vinnuviku svo ég tali nú ekki um atvinnuleysisbætur ef menn missa vinnuna. Þetta er bara hluti af því sem hefur náðst í sameiginlegri baráttu á þessum 100 árum.

Í febrúar síðastliðnum voru 110 ár frá því að samfelld starf stéttarféлага á Akureyri hófst með stofnun Verkamannafélags Akureyrar, sem nú er Eining-löja, en þau félög sem hafa sameinast eru alls 24 á öllu félagssvæðinu. Nú er verið að skrifa sögu þessara féлага og það gerir Jón Hjaltason sagnfræðingur, með dyggri aðstoð starfsmanna Einingar-löju, þeirra Þorsteins E. Arnórssonar og Sigrúnar Lárusdóttur.

Sjálfbóðaliðar – ný ógn

Björn fjallaði einnig um sjálfbóðaliða og að búið væri að ráða sérstakan eftirlitsfulltrúa til að sinna vinnustaðaeftirliti „En þótt stéttarfélagin eigi langa sögu og verkefni í dag séu í mörgu lík því sem var í upphafi þá steðjar að ný ógn. Nú er til síðs að auglýsa eftir erlendum sjálfbóðaliðum til vinnu og að þeir eigi að kynna landinu og fá fæði og húsnæði fyrir vinnuna. Við höfum frétt af um 30 aðilum hér á Eyjafjarðarsvæðinu sem reyna að nýta sér þetta. Nú hefur komist á samstarf milli stéttarféлага hér í Eyjafirði, Skagafirði og Húnavatnssýslum að ráða sérstakan verkefnisstjóra til að sinna eftirliti með þessum aðilum og fleirum, einnig að skoða vinnustaðaskilríki og koma upp um svarta vinnu, ásamt því að hafa augu og eyru opin fyrir mögulegu mansali. Þessi starfsmaður verður með starfsaðstöðu á skrifstofu Einingar-löju, hann mun líka vinna í samstarfi við opinbera aðila, svo sem skattinn, vinnumálastofnun og vinnueftirlitið. Ég fagna því að samstaða náðist um ráðninguna. Einn réttur ekkert svindl er kjörorðið okkar. Það er ekki hægt að leyfa mönnum að svindla á fólki, einnig er gott að

opinberir aðilar komi að þessu verkefni af fullum þunga.“

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Stjórn Einingar-löju skipa nú: Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Vilhelm Adolfsson ritari og síðan svæð-

isfulltrúarnir fimm, þau Guðrún Þorbjarnardóttir, Sigríður Þ. Jósepsdóttir, Hafdís Kristjánsdóttir, Margrét Jónsdóttir og Röbert Þorsteinsson, og formenn deildanna þriggja, þau Sigríður K. Bjarkadóttir, Ingvar Kristjánsson og Margrét H. Marvinsdóttir.

Á heimasíðu félagsins er hægt að nálgast árskýrsluna í heild sinni, en hún inniheldur skýrslu stjórnar sem og ársreikning félagsins.



Vinningshafarnir fimm.

Vinningshafar af aðalfundi

Á aðalfundi félagsins var efnt til happdrættis. Nöfn allra, sem mættu á fundinn voru sett í kassa og svo voru nöfn fimm heppinna Einingar-löjufélaga dregin út.

Aðalvinning kvöldsins fékk **Friðrik Árnason**, en það var vikudvöl í einu af orlofshúsi félagsins að eigin vali.

Sigríður Ragnarsdóttir fékk gjafabréf á veitingahúsið Strikið eða Bryggjuna að upphæð kr. 15.000.

Dóra Herbertsdóttir fékk gjafabréf að upphæð kr. 15.000 frá Menningarfélagi Akureyrar sem nota má við miðakaup á alla viðburði í Hofi eða í Samkomuhúsinu, í hönnunarversluninni Kistu og á veitingastaðnum 1862 Nordic Bistro.

Guðrún J. Þorbjarnardóttir fékk eitt útilegurkort, en það veitir tveim fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á 41 tjaldsvæði samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gisti-nætur á hverju starfsári þess.

Valborg S. Karlsdóttir fékk eitt veiðikort sem veitir nær ótakmarkaðan aðgang í 35 veiðivötn víðsvegar um landið og jafnframt má tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra.

Eining-Iðja þakkar eftirtöldum veittan stuðning

Deloitte.



Alþýðusamband Íslands



**SJÓMANNAFÉLAG
EYJAFJARÐAR**



**SVALBARÐSSTRANDAR-
HREPPUR**



Þínar þarfir - okkar þjónusta



SAMHERJI HF



**BÓKHALDSPJÓNUSTAN
HRINGUR**



Fjallabyggð



Þrjú sæmd gullmerki

Á aðalfundinum voru þrír félagar sæmdir gullmerki félagsins, þau Kristbjörg Ingólfssdóttir, Margrét Einarsdóttir og Stefán Aðalsteinsson. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, sagði við það tilefni að allir sem hlutu viðurkenningu hafi unnið sitt starf af trúmennsku og óeigingirmi. „Það er gaman fyrir félagið að geta sýnt því fólki sem starfað hefur lengi fyrir félagið og ekki síst sína samstarfsfélaga smá þakklætisvott fyrir hið mikla starf sem þeir hafa innt af hendi,” sagði Björn.

Hér fyrir neðan má sjá hvað Björn hafði um þau að segja áður en hann sæmdi þau gullmerkinu.

Kristbjörg Ingólfssdóttir

Hún hefur verið í stjórn Matvæla- og Þjónustudeildar til fjölda ára og sem varaformaður þar setið í aðalstjórn félagsins. Kristbjörg hefur verið mjög virkur félagsmaður og tekið þátt í mörgum fundum og ráðstefnum sem fulltrúi okkar og setið ýmsum stjórnnum og ráðum innan félagsins. Hún hefur verið öflugur talsmaður sinna félaga og félagsins í heild.

Margrét Einarsdóttir

Hún hefur unnið meira og minna hjá stéttarfélögum og lífeyrissjóðum á svæðinu frá árinu 1977. Hún er nú innheimtustjóri félagsgjalda og skráir bókhald hjá Einingu-löju. Hún hefur í gegnum árin sýnt afburða hæfni í þeim störfum sem hún hefur sinnt og með lagni og þrautseigju hefur hún náð frábærum árangri í innheimtu félagsgjalda. Þessir 750 atvinnurekend-



Nýir gullmerkjahafar ásamt formanni og varaformanni félagsins.
F.v.: Anna Júlíusdóttir, Kristbjörg, Stefán, Margrét og Björn Snæbjörnsson.

ur sem hún þarf að vera í sambandi við eru ekki allir auðveldir í samskiptum. Rík réttlætiskennend og dugnaður gerir hana að fyrirmyndar starfsmanni.

Stefán Aðalsteinsson

Hann hefur verið mjög virkur félagsmaður og setið í stjórn Einingar-löju sem varaformaður Matvæla- og Þjónustudeildar, verið frá upphafi stjórnar- maður í deildinni og tekið þátt í mörgum fundum og ráðstefnum sem fulltrúi okkar og setið stjórnnum og ráðum innan félagsins. Hann hefur verið öflugur talsmaður sinna félaga og félagsins í heild.

Kynningarmyndbönd um félagið

Fyrsta kynningarmyndbandið af þremur sem fjölmiðlafyrirtækið N4 er að framleiða fyrir félagið er tilbúið. Fyrsta myndbandið er almenn kynning á félaginu. Næsta myndband sem fer í vinnslu mun fjalla um sjúkrasjóðinn og það síðasta um orlofssjóð félagsins.

Þegar samstarfssamningurinn við N4 um

framleiðslu á myndrænu kynningarefni fyrir félagið sagði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, m.a. að hann bindi miklar vonir við þetta samstarf. „Félagið þarf að vera opið fyrir nýjungum og sífellt að leita að nýjum leiðum til að ná til félagsmanna. Í byrjum verða framleidd þrjú myndbönd um félagið og sjóði þess. Með þessum kynningarmyndböndum getum við

verið í fleiri miðlum en áður, en markmiðið er auðvitað alltaf að ná til fleiri félagsmanna til að kynna þeim rétt sinn hjá félaginu.”

„Framleiðslu- og hönnunardeild N4 fagnar því að vera komin í samstarf við Einingu-löju um gerð kynningarefnis. Deildin leggur áherslu á gæði, fagmennsku, skapandi hugsun og útsjónarsemi við gerð markaðs- og kynningarefnis og kappkostar því að skila góðu og vönduðu efni. Heimasíður og samfélagsmiðlar gegna mikilvægu hlutverki og þess vegna er nauðsynlegt að allt kynningarefni sé aðgengilegt og vel unnið. Einingu-löja vill greinilega vanda til verka á sviði upplýsingamála og ánægjulegt er að félagið velur Framleiðslu- og grafíkdeild N4 sem samstarfsaðila til þess að ná því markmiði. Starfsfólk framleiðsludeildar N4 mjög spennt fyrir þessu samstarfi við Einingu löju. Í framleiðsludeildinni er samhentur og hæfileikaríkur hópur fólks sem leitast við að benda á hnitmiðaðar lausnir sem skila árangri,” sagði Hilda Jana Gísladóttir, framkvæmda- og sjónvarpsstjóri N4.



Frábær ferð til Stokkhólms

Dagana 14. til 17. apríl sl. lagði 34 manna hópur frá félaginu land undir fót og fór í náms- og kynnisferð til Stokkhólms. Þarna voru á ferð starfsmenn og stjórnarmenn félagsins ásamt mökum. Þó ferðin væri náms- og kynnisferð var ákveðið að hver og einn myndi borga allan kostnað við ferðina, en starfsmenn og stjórnarmenn sóttu um styrk í sinn fræðslusjóð; Landsmennt, Ríkismennt eða Sveitamennt.

Fyrsta daginn, fimmtudaginn 14. apríl, var rétt svo tími til að fara heim á hótél og losa sig við farangurinn áður en farið var í ráðstefnusal sem var í göngufæri frá hótelinu. Þar hlustaði hópurinn á þrjú áhugaverð fræðsluerindi. Fyrst fjallaði Pauli Kristiansson, starfsmaður LIVS sem er sænska matvælasambandið, um starfsemi LIVS. Í máli hans kom m.a. fram að sambandið hefði verið stofnað 1896 og er því ekki alveg glænýtt. Sambandið skiptir landinu upp í fimm svæði og er hvert svæði með nokkrar staðbundnar skrifstofur og starfsmenn eða umboðsmenn.

Í dag eru félagsmenn þess um 30.000 og starfa á um 1.400 vinnustöðum. Kynjahlutfallið hjá þeim er um 60% karlar á móti um 40% konur. Um 4.000 félagsmenn af þessum 30.000 eru trúnaðarmenn eða starfandi í stjórnnum eða ráðum hjá sambandinu. Þetta er samband fyrir verkafólk, bæði faglærða sem og ófaglærða. Þó ekki verkafólk sem starfar á skrifstofum. Innan félgsins má finna allar greinar í matvælageiranum í Svíþjóð, bæði hvað varðar mat, drykki og tóbak. Í LIVS eru um 80% þeirra sem starfa í matvælageiranum í Svíþjóð, en þeir sem standa utan sambandsins fá samt sömu kjör og hinir. Sambandið rekur margvísleg þróunarverkefni víða í heiminum, t.d. í Búrma, í Suður-Ameríku og á Filipseyjum.

Þegar Pauli hafði lokið erindi sínu fór Kristján Bragason, framkvæmdastjóri NU HRCT (Norræn samtök starfsfólks í hótél-, veitinga- og

ferðaþjónustugeiranum), yfir starfsemi samtakanna, helstu verkefni og stöðu norrænnar verkalyðshreyfingar. NU HRCT er félag sjö stéttarféлага í Finnlandi, Noregi, Íslandi (SGS og Matvís), Svíþjóð og Danmörku. Samtökin sjá um hagsmunagæslu á norrænum-, evrópskum- og alþjóðlegum vettvangi og eru með ríflega 100.000 meðlimi. Áherslur samtakanna núna og undanfarin ár eru þrjár; atvinnumál, aðstæður á vinnumarkaði og að vera sterkur málssvari á Norrænum vinnumarkaði. Hvað atvinnumál varðar þá má nefna að þróa sameiginlega atvinnustefnu, berjast gegn félagslegum undirboðum og svartri atvinnustarfsemi og skiptast á upplýsingum og reynslu varðandi kjaramál. Í sambandi við aðstæður á vinnumarkaði má nefna ofbeldi og áreitni á vinnustöðum og úthýsingu starfa og ný ótrygg ráðningarform. Til þess að vera sterkur málssvari á Norrænum vettvangi hefur m.a. verið lögð áhersla á að skapa netverk á milli aðildarsambandanna, vera samræming fyrir EFFAT og IUF fundi, bæta innri og ytri samksipti, taka þátt samstöðuverkefnum, t.d. BOA í Eistlandi og að skipuleggja ráðstefnur og fundi. Sem dæmi um ráðstefnu má nefna að í júní í fyrra stóð Starfsgreinasambandið ásamt systursamtökum á Norðurlöndum fyrir ráðstefnu gegn staðalmyndum og kynferðislegri áreitni innan hótél-, veitinga- og ferðaþjónustunnar. Þessi ráðstefna tókst mjög vel og hlaut mikla athygli.

Norræna vinnumarkaðsmódelið

Kristján var einnig með kynningu á norræna vinnumarkaðsmódelinu og helstu þáttum í kjarasamningum. Í máli hans kom m.a. fram að Norræna módelið væri afurð margra áratuga baráttu verkafólks og sterkra stéttarféлага, en jafnframt að ekki væri til eitt módel fyrir öll norðurlöndin því þau væru hvert og eitt með sitt sérstaka módel. Hann sagði að meginstöðir norræna velferðarmódelisins væru þrjár; efnahagslegur stöðugleiki, vel skipulagður vinnumarkaður og öflugt velferðar- og menntakerfi.



Mynd: Heiðar Eliasson.

Hann sagði líka að norðurlöndin væru sér á báti, reyndar með Belgíu, varðandi þátttöku og virkni í stéttarfélögum, en há stéttarfélagsaðild dregur úr félagslegum ójöfnuði. Kristján fór yfir samanburð á milli Norðurlandanna, m.a. á vinnutíma, félagsaðild, umfangi kjarasamninga og hvort lágmarkslaun og réttindi væru tryggð með löggjöf. Hann fjallaði líka um hvernig samningagerð færi fram í hverju landi fyrir sig og hver væru helstu markmiðin.

Kristján fjallaði líka um fyrirtækjasamninga sem eru t.d. algengir í Danmörku, en mjög sjaldgæfir í Finnlandi. Hann sagði m.a. að á síðustu árum hafi atvinnurekendur á Norðurlöndum reynt að auka vægi fyrirtækja og einstaklingsbundinna samninga með það að markmiði að tryggja sveigjanleika, auka framleiðni og reglur um hvernig skuli farið með kostnaðarávinning og tryggja hæfasta starfsfólkið. Raunveruleikinn væri samt sá að meirihluti launaákvæðana er enn tekinn í heildarkjarasamningum og að laun flestra launamanna eru nálægt lágmarkslaunum kjarasamninga og að miklar yfirborganir eru sjaldgæfar.

Í lok fyrirlestursins var Kristján með samanburð á nokkrum atriðum í kjarasamningum ferðapjónustunnar í löndunum, m.a. varðandi vinnutíma, lágmarkslaun fyrir fulla dagvinnu og einnig tímakaup. Hann bar einnig saman laun ungmenna, greiðslur vegna vinnu á kvöldum og um helgar, orlof og orlofsuppbætur og margt fleira.

Sænska Alþýðusambandið

Morguninn eftir var farið í heimsókn í sænska Alþýðusambandið (LO Sverige) til að ræða uppbyggingu, stefnumótun og áherslur hreyfingarinnar. Þar tók Mikael Nilsson á móti hópnum og bauð honum að koma með sér upp í fundarsal sem var á 5. hæð hússins. Lyftan var mjög lítil og hægfara og því ákváðu flestir að ganga upp. Þau sem það gerður fengu góða æfingu því mjög langt var á milli hæða og hringstiginn sem var á svæðinu var bæði stór og langur, sem var fínt en það hefði verið gott að hafa smá súrefni í uppgöngunni.

Mikael sagði að innan LO væru fjórtán sænsk stéttarfélög. „Við erum til dæmis hjúkrunarfræðingar og vélvirkar. Við vinnum á veitingastöðum

og verslunum og það má finna okkur í skólamötuneytum, í skólum og í verksmiðjum.“ Hann sagði að það væru um 1,5 milljón félagsmenn í LO, en fyrir nokkrum árum voru þau með um 2,5 milljón félagsmenn. Það sem skýrir þessa fækkun er að það eru mjög skýr mörk í hvaða sambandi þú átt heima í Svíþjóð og því færast menn kerfisbundið á milli eftir því við hvað viðkomandi starfar.

Eftir hádegi var farið í heimsókn til Prevent, sem er fræðslu- og upplýsingarstofnun atvinnulífsins um vinnuverndarmál sem er í eigu aðila vinnumarkaðarins, en Prevent er leiðandi í Skandinavíu hvað varðar vinnuverndarmál, þ.e. þekkingu og þjálfun á sviði heilsu og öryggi starfsmanna. Þar fékk hópurinn kynningu á starfseminni og farið var yfir helstu áherslur í þeirra starfi. Prevent var nýflutt þegar við vorum í heimsókn og vorum við fyrstu gestirnir á nýju skrifstofunni. Uppsetningin á henni vakti mikla athygli en með henni sögðust þeir hafa verið að reyna að skapa fyrirmyndarskrifstofuna. Starfsmenn áttu ekki fasta starfsstöð og því völdu þeir sér borð eða vinnustöð á morgnana þegar þeir mættu til vinnu til að geta sinnt sem best þeim verkefnum sem lágu fyrir þann daginn. Þar af leiðandi voru engir borðsímur á skrifstofunni, allir voru með farsíma og fartölvur. Fjöldi skrifstofa, starfsstöðva og svæði voru í boði, en vinnustaðnum var skipt upp í opin svæði, nokkur misstór fundarherbergi, umræðuherbergi, bókasafn og hugmyndahebergi. Svo var líka svæði þar sem allir áttu að tala lágt og annað sem átti að ríkja algjör þögn. Þetta var mjög flott aðstaða og gaman að sjá í fréttum í byrjun júní að í nýjum höfuðstöðvum Íslandsbanka í Norðurturninum við Smáralind er unnið eftir þessari hugmynd, en þar verður nánast enginn starfsmaður með fast sæti heldur á fólk að velja sér sæti sem hentar verkefninu sem það er að vinna á hverjum tíma.

Nánar má lesa um stofnunina á www.prevent.se

Heimsóknirnar tókust mjög vel og öll erindin voru frábær. Hópurinn kom fróðari heim því hann lærði margt nýtsamlegt í ferðinni sem mun vonandi skila sér áfram til félagsmanna.

Frábær dagsferð

Árleg eins dags ferð fyrir aldraða Einingarlöjufélaga var farin mánudaginn 22. júní sl.

Lagt var af stað frá Alþýðuhúsinu á Akureyri kl. 9:00 og farið austur í Kelduhverfi. Það var tekið smá stopp og farið í skoðunarferð á Húsavík áður en hádegisverður var borðaður í Skúlagarði. Þaðan var farið í Ásbyrgi og svo að Hafragilsfossi, en Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss mynda einstaka fossaröð í Jökulsá á Fjöllum. Næst var farið í Mývatnssveit þar sem drukkið var kaffi í Hótel Reyhnihlíð. Að því loknu var ekið til Akureyrar á ný með smá viðkomu í Dyngjunni, sem er handverksmarkaður í Mývatnssveit, og á Fosshóli. Látum myndirnar tala sínu máli.

Fleiri myndir úr ferðinni má finna í myndasafninu á heimasíðu félagsins, www.ein.is



Fyrirtækjaheimsóknir

Í apríl sl. fóru nokkrir starfsmenn félagsins í fyrirtækjaheimsóknir á Grenivík og Siglufirði, en það er nauðsynlegt að gera slíkt af og til, heyra í heimamönnum og sjá hvað þeir eru að gera. Þarna voru á ferð Björn Snæbjörnsson, Anna Júlíusdóttir, Hafdís E. Ásbjarnardóttir og Ásgrímur Örn Hallgrímsson.

Svæðisfulltrúi félagsins í Grenivík, Róbert Þorsteinsson, var með í för er farið var í nokkur fyrirtæki á staðnum og spjallað við starfsfólk og yfirmenn, m.a. Gjögur, Darra, leikskólann og elliheimilið. Einnig var kíkt við á skrifstofu Grýtu-bakkahrepps til að heyra aðeins í sveitarstjórnunum og starfsmönnum skrifstofunnar.

Margrét Jónsdóttir, svæðisfulltrúi félagsins og starfsmaður Einingar-löðu í Fjallabyggð, var með í för á Siglufirði. Fjöldmörg fyrirtæki voru heimsótt, m.a. var farið í leikskólann, sem er mjög vel nýttur plásslega séð en nú verið að byggja við skólann. Farið var á sambýlið, löðu/dagvist sem er verndaður vinnustaður fyrir fatlaða þar sem er framleidd ýmisskonar handunnin smávara sem seld er á staðnum. Einnig var farið í grunnskólann og á meðan formaður spjallaði við félagsmenn sem þar vinna fóru Anna og Margrét í 10. bekk og voru með kynningu fyrir krakkana., en frá árinu 1998 hafa starfsmenn félagsins farið í skólaheimsóknir í alla 10. bekki á félagssvæðinu. Þar er m.a. kynnt fyrir nemendum í hverju starf verkalýðsfélaga er fólgið og um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Einnig var lítið við í Segul 67 sem er nýleg bjórverksmiðja, JE vélaverkstæði, Siglufjarðar Seig, Egils sjávarafurðum og í rækjuverksmiðju Ramma.



Ert þú að vinna á veitingastað, hóteli, gistiheimili eða í annarri ferðapjónustu?

Nokkur áhersluatriði úr kjarasamningi:

- ♦ Þeir sem verða 16 og 17 ára á árinu eiga strax að fá greitt miðað við 16 og 17 ára taxa.
- ♦ Þeir sem eru 18 og 19 ára eiga að fá 95% af byrjunarlaunum 20 ára.
Sjá nánari útfærslu í kjarasamningi.
- ♦ 22 ára lífaldur jafngildir starfsaldri eftir eitt ár.
- ♦ Hámarkslengd vaktar er 12 klst. og lágmark 3 klst.
- ♦ Vakt skal unnin í samfelldri heild.
- ♦ Vaktaplan skal skipulagt fyrir 4 vikur í senn, vaktaskrá skal kynnt með a.m.k. viku fyrirvara.
- ♦ Hvenær lýkur þinni vakt? Vakt skal skrá með upphaf og endi í vaktaplani.
Ef slíkt er ekki skráð og málið kemur til félagsins verður viðkomandi fyrirtæki rukkað um dag- og yfirvinnu fyrir hönd félagsmanns.
- ♦ Í vaktavinnu greiðist álag á þann hluta 40 stunda vinnu sem fellur utan dagvinnutímabils:
- ♦ 33% álag á tímabilinu kl. 17:00 - 00:00 mánudaga til föstudaga
- ♦ 45% álag á tímabilinu kl. 00:00 - 08:00 allar nætur og laugardaga og sunnudaga.
- ♦ Neysluhlé skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hvern unninn klukkutíma og skiptast eftir samkomulagi starfsmanna og stjórnanda.
- ♦ Óheimilt er að hafa orlof innifalið í launataxta.
- ♦ Jafnaðarkaup er ekki til í kjarasamningum.
- ♦ Að lágmarki skal borga 4 klst. í útkalli.
- ♦ Hámarks dagvinnutími á mánuði er 173,33 klst., eftir það greiðist yfirvinna sem er 80% hærri en dagvinna.
- ♦ Ef ráðið er í vaktavinnu þarf það að koma fram á ráðningarsamningi.

Veist þú að

Atvinnurekendur eiga að halda eftir af launum starfsmanna iðgjaldi til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar setja. Launafólki er frjálst að standa utan stéttarfélaga þótt því beri aftur á móti skylda til þess að taka þátt í fjármögnun kjarnahlutverks stéttarfélaganna sem er að gera lágmarks kjarasamninga sem ná til allra óháð formlegri félagsaðild.

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs



Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri, miðvikudaginn 4. maí sl. Mæting á fundinn var góð og fór hann vel fram. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin ársfundarstörf. 37 fulltrúar frá Einingu-löðu áttu rétt á setu á fundinum þar sem Þórarinn Sverrisson, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2015. Þá fór Guðmundur Baldvin Guðmundsson, starfandi framkvæmdastjóri sjóðsins, yfir ársreiknings sjóðsins og áritanir og tryggingastærðfræðingurinn Bjarni Guðmundsson gerði grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu. Var ársreikningur sjóðsins samþykktur samhljóða að yfirferð lokinni. Einnig kynntu fjárfestingarstjóri Arne Vagn Olsen og áhættustjóri Jóna Finnís Jónsdóttir fjárfestingar- og áhættustefnu sjóðsins.

Þórarinn kom víða við er hann flutti skýrslu stjórnar. M.a. að árið 2015 hefði verið annasamt ár hjá Stapa Lífeyrissjóði og að uppgjör sjóðsins hefði nú verið gert miðað við nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. „Mikil vinna var fólgin í upptöku þessara nýju reglna. Hægt er að túlka ýmis atriði reglanna á mismunandi vegu og líklegt er að einhver atriði eigi eftir að breytast þegar meiri reynsla kemst á notkun þeirra. Við upptöku nýju reglanna þurfti að breyta fyrra árs tölum til samræmis og endurreikna ýmsar kennitölur aftur í tímann. Þetta reyndist viðamikil verk og tímafrekt. Það er þó skoðun okkar að nýju reglurnar séu að flestu leyti til bóta.“

Hagfelld rekstrarár

„Öll eignasöfn í stýringu hjá sjóðnum skiluðu jákvæðri raunávöxtun. Þannig var raunávöxtun Tryggingadeildar 9,2% og raunávöxtun á söfnum Séreignardeildar var 2,7% á Innlána safninu, 7,9% á Varfærna safninu og 8,0% á Áráðna safninu. Heildareignir sjóðsins í árslok námu rúmlega 178 milljörðum króna og jukust um tæplega 21,5 milljarða á árinu. Hrein eign tryggingadeildar nam 174,4 milljörðum og Séreignardeildar 4,8 milljörðum. Á árinu

2015 náðist samkomulag við Glitni vegna afleiðusamninga, sem lengi var óvissa um í bókum sjóðsins. Niðurstaðan í því uppgjóri var vel ásættanleg fyrir sjóðinn og má segja að með því hafi áhrifum bankahrunsins á efnahag sjóðsins endanlega lokið, nærri 8 árum eftir þann atburð. Fjöldi lífeyrisþega, sem fengu greiddan lífeyri frá tryggingadeild sjóðsins á árinu var 8.094 og fjölgaði um 476 frá fyrra ári. Greiddur lífeyrir nam samtals ríflega 4,5 milljörðum króna og hækkaði um 9,5% frá fyrra ári. Þar sem iðgjöld til sjóðsins hækkuðu enn meira eða um 11,4%, lækkaði lífeyrisbyrðin milli ára, en nokkuð er síðan það gerðist síðast. Nýgerðir kjarasamningar, sem hækka mótframlag launagreiðanda til sjóðsins, eiga eftir að hafa umtalsverðar breytingar í för með sér fyrir sjóðinn og sjóðfélaga hans. Hvernig þessu nýja mótframlagi verður endanlega ráðstafað á eftir að útfæra hjá sjóðnum,“ sagði Þórarinn.

Nýja réttindakerfið

Þórarinn fjallaði einnig um nýja réttindakerfi sjóðsins sem samþykkt var að taka upp á ársfundi sjóðsins í fyrra og tók gildi um sl. áramót. „Grundvallar munur er á nýja kerfinu og því gamla, því í nýju kerfi myndast réttindi í samræmi við ávöxtun eigna. Í hinu gamla mynduðust réttindi m.v. fastákvæðna réttindatöflu, sem byggði á því að sjóðurinn næði 3,5% raunávöxtun á hverju ári. Þetta gekk ekki alltaf eftir og því myndaðist munur á eignum sjóðsins og skuldbindingum. Mikil vinna hefur farið í að undirbúa og innleiða upptöku á þessu nýja kerfi. Á það bæði við um útreikninga, kynningar, breytingar á hugbúnaðarkerfum, undirbúning starfsfólks o.s.frv. Í þessu efni er sjóðurinn að fást við algerlega nýja hluti, sem enginn íslenskur sjóður hefur áður fengist við. Verkefnið er flókið og því eðlilegt að nokkurn tíma taki að ná tökum á þessum yfirflutningi. Að mestu leyti hefur þetta tekist vel, þótt upp hafi komið ýmis mál sem þurft hefur að skera úr. Nýja kerfið á að tryggja mun betur en áður að jafnvægi sé á milli eigna og skuldbindinga. Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur farið batnandi undanfarin ár. Hún fór í neikvæða stöðu við bankahrunið en var orðin jákvæð í lok árs 2015 m.v.



gamla réttindakerfið. Í nýja réttindakerfinu, sem tók gildi um sl. áramót eiga eignir og skuldbindingar að haldast mun betur í hendur, þannig að halli eða umframeign eiga síður að myndast.“

Sjóðfélagalán

Þórarinn sagði að miklar umræður hefðu verið innan sjóðsins um sjóðfélagalán og fyrirkomulag þeirra. „Sjóðurinn hefur undanfarin ár veitt slík lán í gegnum samning við lánastofnanir. Ljóst er að það fyrirkomulag er ekki hagkvæmt lengur. Skiptar skoðanir hafa verið innan stjórnar hversu mikla áherslu á að leggja á sjóðfélagalán í starfsemi sjóðsins og hverju má til kosta, svo ekki sé verið að greiða með þessum lánveitingum. Sjóðurinn er enn að skoða þessi mál og vinna að útfærslu á fyrirkomulagi á íbúðalánum sem er hagkvæmt bæði fyrir þá sjóðfélaga sem taka lán, en einnig fyrir þá sjóðfélaga, sem ekki taka lán og eru í raun að fjármagna lán annarra sjóðfélaga. Þarna þarf að ríkja ákveðið jafnvægi sem mikilvægt er að finna.“

Hækkandi lífaldur

Í máli Þórarins kom einnig fram að hækkandi lífaldur hefði mikið verið til umræðu á árinu, „en ljóst er að haldi sú þróun áfram mun það hafa mikil áhrif á getu bæði lífeyrissjóða og opinberra aðila til að greiða lífeyri í framtíðinni, a.m.k. ef við það er miðað að lífeyristökualdur verði óbreyttur. Í raun má þó segja að tiltölulega góð samstaða sé um að hækka lífeyristökualdur í takt við hækkandi lífaldur og bjóða jafnframt upp á aukinn sveigjanleika. Þó verður einnig að huga að því að sú snemmtæka lífeyristaka sem nú er heimil, þ.e. frá 60 ára aldri, hlýtur einnig að koma til athugunar þegar þessi þróun er metin. Stapi lífeyrissjóður hefur skoðað hvort ekki megi byggja breytingar vegna lífaldurs inn í samþykktir sjóðsins, þannig að breytingar á lífeyristökualdri gerist nokkuð í takt við breytingar á lífaldri.“

Í lok skýrslu stjórnar fjallaði Þórarinn um uppsögn fyrrum framkvæmdstjóra sjóðsins og ástæðu hennar. „Það er öllum ljóst sem á þessum ársfundi eru að skugga bar á hjá sjóðnum fyrir nokkrum dögum þegar framkvæmdastjóri sjóðsins sagði starfi sínu lausu og vék úr starfi. Ástæða uppsagnarinnar var umfjöllun Kastljóss um þá staðreynd að hann tengdist tveimur aflandsfélögum í svonefndum Panamaskjöllum og að hann hefði ekki upplýst stjórn um þau tengsl. Mál þetta hefur reynt mjög á stjórn og starfsmenn sjóðsins og er allt annað en skemmtilegt að standa í. Ekki verður gerður starfslokasamningur við fyrrverandi framkvæmdastjóra né honum greidd laun umfram það sem eðlilegt getur talist miðað við málsatvik. Þrátt fyrir þennan skugga er vert að minnast þess að vinna hans fyrir sjóðinn og samstarf við stjórn hefur í gegnum tíðina verið með miklum ágætum og á hann þakkar okkar skilið fyrir það. Það er því sjónarsviftir og viss söknuður hjá mörgum okkar að kveðja hann sem framkvæmdastjóra,“ sagði Þórarinn.



Ný starfskjarastefna

Á fundinum var samþykkt starfskjarastefna Stapa, en hún byggir á meginreglum um góða stjórnarhætti og hefur það að markmiði að sjóðurinn hafi ávallt á að skipa góðu og traustu starfslíði. Með því móti vill sjóðurinn treysta þá viðleytni sína að hann veiti framúrskarandi þjónustu, hafi hagsmuni sjóðfélaga ávallt að leiðarljósi og að ætíð sé beitt vönduðum og faglegum vinnubrögðum í allri starfsemi hans. Starfskjarastefnan á þannig að leggja grunn að skilvirkni í starfsemi sjóðsins og stuðla að því að hann nái markmiðum sínum.

Á fundinum voru lagðar fram tillögur að breytingum á einstökum greinum samþykpta sjóðsins og gerði framkvæmdastjóri grein fyrir þeim. Voru allar breytingar samþykktar samhljóða að undanskilinni breytingu á grein 25.3 þar sem einn fundarmanna greiddi atkvæði á móti.

Stjórn Stapa lífeyrissjóðs skipa í dag:

Frá launamönnum: Huld Aðalbjarnardóttir, Sverrir Mar Albertsson, Tryggvi Jóhannsson og Þórarinn Sverrisson (varaformaður) Varamenn: Erla Björg Guðmundsdóttir, Heimir Kristinsson, Kristján Eggert Guðjónsson og Sigríður Dóra Sverrisdóttir.

Frá launagreiðendum: Ágúst Torfi Hauksson (formaður), Erla Jónsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Magnús E. Svavarsson. Varamenn: Auður Anna Ingólfssdóttir og Guðrún Ingólfssdóttir.

Þá var samhljóða samþykkt tillaga að Deloitte ehf. sem löggiltum endurskoðenda sjóðsins og einnig tillaga að hækkan stjórnarlauna frá síðasta ári.

Nánar má lesa um ársfundinn á www.stapi.is



To the members of Eining-löðja



Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.

Holiday bonus

Eining-löðja reminds its members of their right to receive a holiday bonus. Employees who have earned full vacation rights by working for the same employer during the past full year, defined as lasting from 1 May to 30 April, and were in employment during the last week of April or the first week of May, will be paid on 1 May or 1 June a special single-sum holiday bonus. This year's amount for those who work in the private market and the State (1 June) is kr. 44,500 based on full employment, in accordance with all employment contracts. This year's amount for those who work for municipalities (1 May) is kr. 44,500 in accordance with all employment contracts. The holiday bonus is not included in the amount that forms the basis of holiday pay calculations.



Fosshotels offer reduced rates

Eining-löðja will be selling coupons for accommodation in all Fosshotels hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 8,500 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one night. Breakfast is included. During high season, June, July and August, you have to pay per night with two coupons. The coupons are available at the Eining-löðja offices. Guests make their own bookings. Attention! When you order you must state that you have coupons. For more information see www.fosshotels.is



The Edda hotels offer reduced rates

Eining-löðja will be selling coupons for accommodation in all Edda hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 8,000 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one night. Breakfast is not included. Union members will not lose credit points when buying these coupons which makes this an attractive option, for, according to the price list of the Edda hotels for summer 2016, the price of a room of this type is kr. 15,700. The coupons are available at the Eining-löðja offices.

Children can share the rooms with grownups without extra charge if people take along a sleeping bag or bed linen. The Edda hotels provide mattresses if needed. The coupons may be used in all the Edda hotels around the country. Guests make their own bookings but reservation



must be noted that the price will be paid with coupons.

For more information see www.hoteledda.is

Veidikortið

Members of Eining-löðja can this summer buy Veidikortið. The card is for sale at the Eining-löðja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík for only kr. 2,500 but full price is kr. 6,900. The card provides almost unlimited access to over 35 lakes throughout the country. For more information and a list of lakes see www.veidikortid.is

Camping Card

Members of Eining-löðja can this summer buy the Camping Card. The card is for sale at the Eining-löðja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík for only kr. 9,000 but full price is kr. 15,900. Camping Card holder, with the spouse and up to four children under the age of 16, can camp for up to 28 nights/units at 41 camp sites or as long as the camp sites are open for visitors, but only for four consecutive nights each time. There are no limits to how often each visitor can visit each camp site within the 28 nights/units. For more information see www.utilegukortid.is

Tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets may be obtained for the Hvalfjörður tunnel at the Eining-löðja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík. The price of each ticket is only kr. 635. Tickets may also be purchased from union representatives in Ólafsfjörður, Hrísey and Grenivík.

Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work.

It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference.

Please contact Eining-löðja office for further information relating to the composition of written employment contracts and special forms for writing such contracts.

Period of notice

- Mutual right
- Notice shall be in writing.
- Notice shall be dated from and including the 1st of a month.

During the first two weeks of work, a notice period does not apply.

After 2 weeks of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 12 calendar days.

After 3 months of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 1 month, based on the turn of the month.

After 3 years of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 3 months, based on the turn of the month.

Do członków związku Eining-Iðja

Prawo do korzystania z urlopu letniego

Wszyscy mają prawo do urlopu, przez okres co najmniej 24 dni roboczych. Gdy pracownik zachoruje w czasie urlopu, okresu choroby nie wlicza się do urlopu, jeśli pracownik przedłoży zwolnienie lekarskie, potwierdzające niemożność korzystania z urlopu. Natychmiast należy zgłosić przełożonemu – telefonicznie lub telegraficznie – jeśli pracownik zachoruje lub ulegnie wypadkowi w czasie urlopu.

Umowa o pracę (Ráðningarsamningar)

Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.

W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę

Dodatek urlopowy (Orlofsuppbót)

Związek Zawodowy Eining-Iðja chce przypomnieć swoim członkom o przysługującym im prawie do otrzymania wypłaty dodatku urlopowego. Pracownicy, którzy wypracowali sobie pełne prawa urlopowe, pracując u tego samego pracodawcy przez cały ostatni rok urlopowy (od 1. maja do 30. kwietnia) i byli zatrudnieni w ostatnim tygodniu kwietnia lub pierwszym tygodniu maja, dostają wypłacony specjalny jednorazowy dodatek urlopowy (orlofsuppbót). Tegoroczna kwota dla tych, którzy działają na rynku prywatnym, a państwo (1 czerwca) jest kr. 44.500 na podstawie pełnego zatrudnienia, zgodnie z wszystkich umów o pracę. Tegoroczna kwota dla tych, którzy pracują dla gmin (1 maja) jest kr. 44.500, zgodnie z wszystkich umów o pracę. Do wyżej wymienionego dodatku nie dolicza się pensji urlopowej (orlofslaun).

Zgodnie z umowami zawartymi z Federacją Pracodawców (Samtök Atvinnulífsins) należy wypłacić dodatek urlopowy na początku okresu urlopowego, ale nie później niż 15. sierpnia. Pracownicy zatrudnieni zgodnie z umowami Państwowej Komisji Umów Pracowniczych (Samninganeftnd ríkisins) mają otrzymać wypłatę tego dodatku 1. czerwca, natomiast w umowach zawartych przez Komisję Zarządów Lokalnych do Spraw Płacowych (sveitarfélög) znajduje się zapis, że dodatek urlopowy należy wypłacić 1. maja.

ถึงสมาชิก Einingu-Iðju ทุกคน

สิทธิในการขอลาพักร้อน (Réttur til að taka sumarfrí)

สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในการลาพักร้อน ซึ่งอย่างต่ำรวม 24 วันของวันทำงาน หากเกิดเจ็บป่วยในเวลาหยุดพักร้อน วันหยุดพักร้อนดังกล่าวจะเป็นโมฆะ

และจะถือเป็นวันลาป่วยแทน

ซึ่งสามารถเก็บวันที่เกิดเจ็บป่วยเอาไว้เป็นวันหยุดพักร้อนได้

แต่สมาชิกจะต้องแจ้งให้หัวหน้าทราบโดยทันทีทันใด

ด้วยการโทรและทั้งข้อความ

เพื่อแจ้งการเจ็บป่วยหรือเกิดอุบัติเหตุในขณะลาพักร้อน

และต้องยื่นใบแพทย์เพื่อเป็นการยืนยันว่าป่วย มิฉะนั้นจะเสียสิทธิในการพักร้อนได้

ท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อนหรือไม่ (Átt þú rétt á orlofsuppbót)

ตามสัญญาว่าจ้างแรงงานนั้น

สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน

สมาชิกที่มีสิทธิได้รับเงินโบนัสเพิ่มเติมอัตราคือ

จะต้องทำงานที่เดียวกันเป็นเวลานานครบหนึ่งปีเต็ม

(ตั้งแต่วันที่ 1 พฤษภาคม จนถึงวันที่ 30 เมษายน)

และบุคคลที่ทำงานถึงสัปดาห์สุดท้ายของเดือนเมษายน หรือต้นเดือนพฤษภาคม

ก็จะได้รับเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน

จำนวนของเงินโบนัสจะมากหรือน้อยนั้น

ขึ้นอยู่กับสัดส่วนในการทำงานของพนักงาน

และสัญญาอัตราค่าจ้างแรงงาน

จำนวนในปีสำหรับผู้ที่ทำงานในตลาดเอกชนและรัฐ (1 มิถุนายน) คือ KR 44500

ขึ้นอยู่กับการทำงานเต็มรูปแบบให้สอดคล้องกับทุกสัญญา

ว่าจ้าง จำนวนในปีสำหรับผู้ที่ทำงานให้กับเทศบาล (1 พฤษภาคม) คือ KR 44500

สอดคล้องกับทุกสัญญาว่าจ้าง

โบนัสวันหยุดไม่รวมอยู่ในจำนวนเงินที่เป็นพื้นฐานของการคำนวณค่าจ้างในวันหยุด

สัญญาการว่าจ้างทำงาน (Ráðningarsamningur)

ข้อตกลงในสัญญาว่าจ้างนั้น

ลูกจ้างต้องได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร

ซึ่งต้องมีรายละเอียดเกี่ยวกับระยะเวลาของการว่าจ้าง

และระดับเงินเดือนตามสัญญาว่าจ้างอยู่ในประเภทใด

และเงื่อนไขต่างๆ โดยทั่วไปในการทำสัญญาการว่าจ้าง จะต้องทำหลังจากลูกจ้างได้ทำการปฏิบัติหน้าที่แล้วหนึ่งเดือน

หากลูกจ้างได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร

ก็จะเป็นหลักประกันในการทำงานของลูกจ้าง

เพราะหากมีข้อขัดแย้งระหว่างนายจ้างกับลูกจ้าง

ก็สามารถพิจารณาในสัญญาการว่าจ้างเป็นข้อตัดสิน

ที่สำนักงาน Eining – Iðja ท่านสามารถติดต่อขอข้อมูล

ในการทำสัญญาการว่าจ้างทำงานได้

และสามารถขอแบบฟอร์มใบคำร้องต่างๆที่เกี่ยวข้องในการทำสัญญา

ระยะเวลาของการออกและให้ออกจากงาน

- ต้องเป็นไปตามสิทธิของทั้งสองฝ่าย
- จะต้องเป็นลายลักษณ์อักษร
- ต้องทำงานจนถึงสิ้นเดือน

หากทำงานได้เพียงสองสัปดาห์

สามารถลาออกหรือให้ออกจากงานได้ทันที

หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่าสองอาทิตย์,

หลังจากนั้น 12 วัน จึงจะสามารถลาออกหรือให้ออกได้

หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 เดือน

ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน และต้องทำงานอีก 1

เดือนก่อนออกจากงาน

(เพื่อให้เวลากับลูกจ้างหางานใหม่

หรือนายจ้างหาลูกจ้างใหม่)

หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 ปี

ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน และต้องทำงานอีก 3

เดือนก่อนออก

Í hvaða deild ert þú?

Félagið skiptist í þrjár starfsgreinadeildir og er hugmyndin með starfsgreinaskiptingu að nýta kosti bæði stórra og smærri félaga. Deildirnar þrjár eru Matvæla- og þjónustudeild, lðnaðar- og tækjadeild og opinbera deildin. Kostir þess að vera í stóru félagi eru til dæmis öflugur sjúkrasjóður, fjölbreyttari möguleikar í orlofsmálum og meiri slagkraftur í kjara-baráttu. Hins vegar getur verið erfiðara að virkja hinn almenna félagsmann í stóru félagi. Þetta vandamál eiga deildirnar að leysa því þær eru vettvangur þar sem fólk getur rætt sér málin sín. Með þessu eru fleiri virkjaðir til starfa fyrir félagið, félagsandinn innan hverrar starfsgreinar eflist og málefni félagsins standa nær hverjum og einum.

Það hefur stundum komið fyrir að fólk er ekki með það á hreinu hvaða deild félagsins það tilheyrir. Hér á eftir verður því sagt frá því hvaða starfsgreinar tilheyra hvaða deildum, einnig má finna þessar upplýsingar á vef félagsins, www.ein.is.

Það sem ef til vill vefst helst fyrir fólki eru tilteknar starfsstéttir sem eru þess eðlis að ekki liggur í augum uppi hvaða deild innan félagsins þær tilheyra. Til dæmis tilheyra opinberu deildinni allir þeir félagsmenn sem eru starfsmenn ríkisins, sveitarfélaga og einkastofnana sem annast aldræða, fatlaða og börn. Innan opinberu deildarinnar eru allmargir félagsmenn sem gætu allt eins tilheyrt annarri deild ef mið er tekið af starfi þeirra. Til dæmis má nefna vörubílstjóra hjá sveitarfélagi, sem er í opinberu deildinni en ekki lðnaðar- og tækjadeild. Starfsfólk í mótuneytum skóla og annarra opinberra stofnana eru í opinberu deildinni en ekki í Matvæla- og þjónustudeildinni eins og kollegar þeirra í mótuneytum á almennum vinnumarkaði. Fleiri dæmi má finna á sömu nótum og líklega of langt mál að telja upp öll möguleg tilvik þar sem svona skörun á sér stað milli deildanna.

Ef félagsmaður er í vafa hvaða deild hann tilheyrir er að sjálfsgöðu einfaldast að leita upplýsinga á skrifstofu félagsins. Þótt ekki fylgi tæmandi upptalningar fyrir hverja deild hér á eftir geta þær vonandi í flestum tilvikum upplýst þá félagsmenn sem eru í vafa um hvaða deild þeir tilheyra.

Í lðnaðar- og tækjadeild eru þeir sem vinna:

- ♦ í byggingaiðnaði
- ♦ við vegagerð (þó ekki Vegagerð ríkisins)
- ♦ hjá steypustöðvum
- ♦ á bifreiðum, vinnuvélum og lyfturum

- ♦ í slippvinnu, hafnarvinnu í vöruskemum og hjá flutningafyrirtækjum
- ♦ á dekkja-, smur-, ryðvarnar-, bón- og þvottastöðvum
- ♦ í úrvinnslu-, fata-, vefjar- og skinnaiðnaði
- ♦ í hreinlætisvöruiðnaði
- ♦ í plast-, gúmmí-, pappír-, umbúða-, lyfja-, gler-, málningarvöru- og tækniiðnaði
- ♦ í ofna-, bobbinga-, hillusmiði og skyldum málmsmiðum
- ♦ í húsgagnaiðnaði
- ♦ við endurvinnslu
- ♦ í línu- og netagerð

Formaður deildarinnar er **Ingvar Kristjánsson** og þjónustufulltrúi hennar er **Hafdis E. Ásbjarnardóttir** - 460 3603 – hafdis@ein.is

Í matvæla- og þjónustudeild eru þeir sem vinna:

- ♦ í matvælaíðnaði, svo sem í mjólkuriðnaði, kjötvinnslu og sláturhúsum
- ♦ í kex- og sælgætisverksmiðjum og við drykkjarvöruiðnað
- ♦ við verkun og vinnslu á ferskum sjávarafli, þ.e. í frystingu, söltun og skreiðarverkun, rækju- og skelfiskvinnslu, í fiskeldi, hrogna- og síldarvinnslu, loðnubræðslum og við línubeitingu
- ♦ við ræstingar og eldhússtörf hjá almennum atvinnurekendum
- ♦ á veitingahúsum, hótélum og gistiheimilum
- ♦ í þvottahúsum og efnalaugum hjá almennum atvinnurekendum
- ♦ hjá ferðaþjónustu bænda og við annað sem fellur undir ferðaþjónustu
- ♦ við gæslu (öryggis- og næturvarðmenn)

Formaður deildarinnar er **Margrét H. Marvinsdóttir** og þjónustufulltrúi hennar er **Anna Júlíusdóttir** - 460 3605 – annajul@ein.is

Í Opinberu deildinni eru þeir sem vinna:

- ♦ hjá ríkinu
- ♦ hjá sveitarfélögum
- ♦ hjá einkastofnunum sem annast aldræða, fatlaða og börn

Formaður deildarinnar er **Sigríður K. Bjarkadóttir** og þjónustufulltrúi hennar er **Björn Snæbjörnsson** - 460 3607 – bjorn@ein.is



Gistimiðar á Keahótel

Hjá félaginu eru til sölu fyrir félagsmenn gistimiðar á nokkur Keahótel sem niðurgreiddir eru af Einingu-lðju. Miðarnir eru til sölu á öllum skrifstofum félagsins.

Ráðlegt er að bóka með fyrirvara, en við pöntun verður að koma fram að greitt verði með gistimiða. Morgunverður af hlaðborði er innifalinn á öllum hótélum Keahótel.

ATHUGIÐ! Ekki er hægt að nota þessa miða um jóla- og áramót.

	16. maí -30. september	1. október - 15. maí
Hótel Kea Akureyri	Pr. nótt	Pr. nótt
Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 16.400,-	Kr: 11.900,-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 21.200,-	Kr: 15.700,-

	16. maí -30. september	1. október - 15. maí
Hótel Norðurland Akureyri	Pr. nótt	Pr. nótt
Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 13.500,-	Kr: 8.200,-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 17.500,-	Kr: 11.200,-

Reykjavík Lights / Skuggi hótel / Storm hótel í Reykjavík

Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 15.900,-	Kr: 10.100,-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 20.800,-	Kr: 13.400,-



Stjórnir og nefndir

Í Einingu-Iðju er 11 manna aðalstjórn og öflugt trúnaðarráð, skipað 119 félagsmönnum, þar sem tryggt er að allir hópar innan félagsins eigi sína fulltrúa. Stjórn félagsins er skipuð formanni, varaformanni, ritara, fimm meðstjórnendum frá þéttbýlissvæðum utan Akureyrar og þremur fulltrúum starfsgreinadeilda, þ.e. formönnum starfsgreinadeildanna þriggja.

Á heimasíðu félagsins má sjá lista yfir alla félagsmenn sem eru í stjórn-um og í nefndum fyrir félagið

Stjórn Einingar-Iðju starfsárið 2016-2017:

Björn Snæbjörnsson, formaður

Anna Júlíusdóttir, varaformaður

Vilhelm Adolfsson, ritari

Ingvar Kristjánsson, formaður lðnaðar- og tækjadeilda

Margrét H. Marvinsdóttir, formaður Matvæla- og þjónustudeilda

Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður Opinberu deildarinnar

Guðrún Þorbjarnardóttir, svæðisfulltrúi í Hrísey

Hafðís Kristjánsdóttir, svæðisfulltrúi í Ólafsfirði

Margrét Jónsdóttir, svæðisfulltrúi á Siglufirði

Róbert Þorsteinsson, svæðisfulltrúi í Grýtubakkahreppi

Sigríður Jósepsdóttir, svæðisfulltrúi á Dalvík



Átt þú rétt á orlofsuppbót?

Eining-Iðja vill minna félagsmenn sína á rétt sinn til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. Samkvæmt kjarasamningum skal starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og var í starfi í síðustu viku apríl eða fyrstu viku í maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, svokallaða orlofsuppbót.

Þeir sem starfa eftir almenna samningnum og hjá ríkinu áttu að fá orlofsuppbótina borgaða 1. júní og þeir sem starfa hjá sveitarfélögum þann 1. maí sl.

Orlofsuppbót á almenna markaðinum, hjá ríkinu og hjá sveitarfélögum árið 2016 er kr. 44.500. Þetta á við um þá sem eru í 100% starfi.

Á heimasíðu félagsins má sjá töflur yfir upphæð orlofsgreiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma viðkomandi starfsmanns.

FÁÐU FRÉTTIRNAR BEINT Í AÐ!

Heimasíðan er aðgengileg fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.

www.ein.is - lifandi vefur þar sem þú finnur m.a.

Fréttir
Félagavefinn
Upplýsingar
Kjarasamninga
Kauptaxta
Lög og reglugerðir

Skráðu þig á póstlista félagsins!

EINING-IÐJA STENDUR VÖRD UM RÉTTINDI ÞÍNI!

Eining-Iðja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni!

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð / 460 3600



Skannaðu kóðann og kíktu á www.ein.is



STARFSFÓLK | SVÆÐISFULLTRÚAR | TRÚNAÐARMENN | FYRIRSPURNIR



FÉLAGIÐ | DEILDAR | KJARAMÁL | SVÖKRASÍÐUR | ORLOFSMÁL | FRÆÐGLUMÁL



FRÉTTIR

Ályktun formannafundar SGS um vaxtamál

Sveinbjörndóttir ályktun var samþykkt á formannafundi SGS í febrúar 2015. Formannafundur SGS tekur undir gagnagjöf um miðinn og vaxtamál vaxtamun vaxtamun bankaanna á Íslandi. Það liggur fyrir að mörgum þeim standa til bóða. [Lesu meira](#)

Ályktun formannafundar SGS um vaxtamál

27.02.2015

Sveinbjörndóttir ályktun var samþykkt á formannafundi SGS í febrúar 2015. Formannafundur SGS tekur undir gagnagjöf um miðinn og vaxtamál vaxtamun bankaanna á Íslandi. Það liggur fyrir að mörgum þeim standa til bóða. [Lesu meira](#)

Ályktun formannafundar SGS um vaxtamál

27.02.2015

Sveinbjörndóttir ályktun var samþykkt á formannafundi SGS í febrúar 2015. Formannafundur SGS tekur undir gagnagjöf um miðinn og vaxtamál vaxtamun bankaanna á Íslandi. Það liggur fyrir að mörgum þeim standa til bóða. [Lesu meira](#)

Ályktun formannafundar SGS um vaxtamál

27.02.2015

Sveinbjörndóttir ályktun var samþykkt á formannafundi SGS í febrúar 2015. Formannafundur SGS tekur undir gagnagjöf um miðinn og vaxtamál vaxtamun bankaanna á Íslandi. Það liggur fyrir að mörgum þeim standa til bóða. [Lesu meira](#)

Ályktun formannafundar SGS um vaxtamál

27.02.2015

Sveinbjörndóttir ályktun var samþykkt á formannafundi SGS í febrúar 2015. Formannafundur SGS tekur undir gagnagjöf um miðinn og vaxtamál vaxtamun bankaanna á Íslandi. Það liggur fyrir að mörgum þeim standa til bóða. [Lesu meira](#)

Ályktun formannafundar SGS um vaxtamál

27.02.2015

Sveinbjörndóttir ályktun var samþykkt á formannafundi SGS í febrúar 2015. Formannafundur SGS tekur undir gagnagjöf um miðinn og vaxtamál vaxtamun bankaanna á Íslandi. Það liggur fyrir að mörgum þeim standa til bóða. [Lesu meira](#)

Ályktun formannafundar SGS um vaxtamál

27.02.2015

Sveinbjörndóttir ályktun var samþykkt á formannafundi SGS í febrúar 2015. Formannafundur SGS tekur undir gagnagjöf um miðinn og vaxtamál vaxtamun bankaanna á Íslandi. Það liggur fyrir að mörgum þeim standa til bóða. [Lesu meira](#)

Á NÆSTUNNI

09. mars 2015

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Vaxtamál

Gott að vita

Vert er að minna félagsmenn á eftirfarandi sem hægt er að kaupa á skrifstofum félagsins og veitir ágæta kjarabót. Allar nánari upplýsingar má fá á heimasíðu félagsins.

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

Fosshótel

Félagsmenn geta keypt niðurgreidda gistimiða á öll Fosshótel landsins. Verð miða er kr. 8.500 og gildir hann fyrir árið 2016. Hver miði gildir fyrir eina nótt í tveggja manna herbergi með morgunverði. Á háannatíma, í júní, júlí og ágúst, þarf að greiða eina nótt með tveimur gistimiðum. Miðana er hægt að kaupa á skrifstofum Einingar-löju. Ráðlegt er að bóka með fyrirvara, sérstaklega í júní, júlí og ágúst. Við pöntun þarf að koma fram að greitt verði með gistimiða.

Fosshótel bjóða upp á gistingu á níu hótélum og er í boði fjölbreytt úrval af gistingu um allt land, ýmist sem sumarhótel eða tveggja til þriggja stjörnu heilsárshótel. Fosshótelin eru reyklus hótel.

Nánari upplýsingar má finna á www.fosshotel.is

Veidikortið



Félagsmenn fá Veidikortið á sérkjörum á aðeins kr. 2.500, fullt verð er kr. 6.900. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang í 35 veiðivötn víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra. Með Veidikortinu fylgir veglegur bæklingur með ítarlegum upplýsingum, reglur, lýsingar eru á veiðisvæðum, kort og myndir. Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði er hægt að nálgast á www.veidikortid.is

Hótel Edda



Félagið er með til sölu fyrir félagsmenn greiðslumiða fyrir gistingu á öll Eddu-hótel landsins. Verð miða er kr. 8.000. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt, en vert er að taka fram að morgunverður er ekki innifalinn. Hér er um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótel-

anna fyrir sumarið 2016 á slíkt herbergi að kosta kr. 15.700.

Greiðslumiðana má nota á öllum Eddu-hótélum sem eru 11, hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu í gegnum síma eða með tölvupósti og við pöntun þarf að taka fram að greitt verði með gistimiða. Gangið úr skugga við pöntun um að hótelið bjóði upp á herbergi með handlaug.

Uppfærsla, þegar keyptur er miði fyrir herbergi með handlaug:

Sé gist í herbergi með baði greiðist aukagjald kr. 9.000 á herbergi.

Sé gist í herbergi með baði á Hótel Edda Plus* greiðist aukagjald kr. 12.500 á herbergi.

Einnig má greiða fyrir uppfærslu í hvort sem er herbergi með baði eða Plus herbergi með 2 miðum sem gilda fyrir herbergi með handlaug.

*Hótel Edda Plus eru á Akureyri, Stóru-tjörnum, Laugum í Sælingsdal, Vík og Höfn.

Hér er um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótélanna fyrir sumarið 2016 á slíkt herbergi að kosta kr. 24.700 og á Plus 28.200.

Athugið að ekki er hægt að panta á netinu ef nota á gistimiða. Leyfilegt er að taka með sér 1-2 börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur með sér svefnpoka eða rúmföt, en Edduhótelin sjá um að útvega dýnu ef með þarf. Nánari upplýsingar um hótélina má finna á heimasíðunni www.hoteleda.is

Útilegukortið



Félagsmenn geta keypt Útilegukortið á kr. 9.000, en fullt verð er kr. 15.900. Með því að kaupa kortið hjá félaginu geta félagsmenn því sparað verulega. Kortið veitir tveim full-orðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría

gistingu á 41 tjaldsvæði samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistinætur á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistináttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfelldt í hvert skipti. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.

Korthafar verða því að framvísa kortinu fyrir hverja nótt sem gist er á tjaldstæðinu og verður þá ein gistinótt strikuð út hverju sinni. Útilegukortið er í gildi eins lengi og tjaldsvæðin eru opin.

Ath! gistináttaskattur er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

Frekari upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni www.utilegukortid.is

VEIKINDI Í ORLOFI

Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími, sem veikindum nemur, ekki til orlofs enda sanni starfsmaður með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofsins.

Þegar veikindi hefjast ber starfsmanni að tilkynna það á vinnustað með sannanlegum hætti, sama hvar hann er staddur í veröldinni, eins og hann væri í vinnu. Þá getur hann tekið orlofið síðar, eftir að hann hefur náð heilsu á ný, með samkomulagi við yfirmann sinn.

Hefur þú lent í slysi?

Kannaðu rétt þinn til bóta.

Lögmenn Pacta á Norðurlandi og um land allt aðstoða þá sem lent hafa í vinnuslysi, umferðarslysi eða frítímaslysi við að sækja réttmætar bætur til bótagreiðenda. Hafðu samband við okkur, fyrsta viðtal er þér að kostnaðarlausu.

Pacta skrifstofur á Norðurlandi:

Akureyri
Blönduós

Dalvík
Húsavík

Sauðárkrúkur
Siglufjörður

Símanúmer okkar er 440 7900 · pacta@pacta.is · www.pacta.is

PACTA
L Ö G M E N N

NÝTT LYF
— VIÐ —
OFNÆMI

AAAAAAAAATSSJÚÚÚ!



Of mikið sumar?

Flynise – 24 klukkustunda virkni við ofnæmi

Notkun: Flynise inniheldur virka efnið desloratadín 5 mg og er ætlað til að draga úr einkennum ofnæmisnefkevfs og ofsakláða. Lyfið veldur ekki syfju. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: 1 tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Töfluna má taka með eða án fæðu. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efniinu eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Flynise skal nota með varúð ef um er að ræða alvarlega skerta nýrnastarfsemi. Notkun lyfsins er ekki ráðlögð á meðgöngu og/eda við brjóstgjöf. **Aukaverkanir:** Lyfið þolist almennt vel en eins og á við um öll lyf geta komið fram aukaverkanir en það gerist þó ekki hjá öllum. Algengustu aukaverkanirnar umfram lyfleysu eru þreyta (1,2%), munnþurrkur (0,8%) og höfuðverkur (0,6%). Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Markaðsleyfishafi: Actavis Group PTC ehf. Janúar 2016


Actavis